


# Byggðafesta og búferlaflutningar:

Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019



Þóroddur Bjarnason | Gréta Bergrún Jóhannesdóttir | Guðmundur Guðmundsson | Ólöf Garðarsdóttir | Sigríður Elín Þórðardóttir | Unnur Dís Skaptadóttir | Vífill Karlsson

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri  
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Háskólanum á Akureyri og Þekkingarneti Þingeyinga  
Guðmundur Guðmundsson, Byggðastofnun  
Ólöf Garðarsdóttir, Háskóla Íslands  
Sigríður Elín Þórðardóttir, Byggðastofnun  
Unnur Dís Skaptadóttir, Háskóla Íslands  
Vifill Karlsson, Háskólanum á Akureyri og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi



---

BYGGÐASTOFNUN

Sauðárkrókur 2019

ISBN 978-9935-9503-0-7

### Helstu niðurstöður

- Mikill hreyfanleiki einkennir minni byggðarkjarna á Íslandi og langflestir íbúanna hafa búið annars staðar en í heimabyggð. Meirihluti íbúanna hefur einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á Íslandi og mörg þeirra hafa einnig búið erlendis.
- Margir íbúar ætla að flytja frá byggðarlaginu tímabundið eða fyrir fullt og allt og 14% ætla líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum. Þótt hlutfall þeirra sem ætla að flytja sé misjafnt eftir byggðarkjörnum er lítil munur eftir landshlutum eða stærð byggðarkjarna. Það er í samræmi við opinberar tölur sem sýna að 5-9% íbúa flytja almennt til og frá einstökum sveitarfélögum á hverju ári.
- Yfirgnæfandi meirihluti íbúa í smærri byggðarkjörnum eru ánægð með búsetu sína. Flestir íbúar eiga fjölskyldu og vini í byggðarlaginu og flest þeirra tengjast samfélaginu, staðnum og náttúrunni sterkum böndum.
- Íbúarnir eru almennt mjög jákvæðir gagnvart aðflutningi Íslendinga til byggðarlagsins, hvort sem aðfluttir eigi rætur að rekja til byggðarlagsins eða ekki. Minni stuðningur er við aðflutning fólks af erlendum uppruna eða aukinni frístundabúsetu fólks með aðalheimili annars staðar.
- Svarhlutfall íbúa af erlendum uppruna er mun lægra en þeirra sem eru af íslenskum uppruna. Þau sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna eru ívið líklegri til að ætla að flytja en þau sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna.
- Þótt konur séu ólíklegri til að afskrifa það alveg að flytja á brott er ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem telja það mjög líklegt. Ójafnt kynjahlutfall í smærri byggðarlögum virðist ekki síður stafa af minni aðflutningi kvenna en meiri brottflutningi þeirra frá slíkum byggðarlögum.
- Stór hluti yngsta aldurshópsins ætlar að flytja á brott á næstu árum en það er fátítt meðal þeirra sem komnir eru yfir sjötugt. Í samræmi við það eru svarendur sem búa í foreldrahúsum og námsmenn líklegastir til að ætla að flytja en fólk á eftirlaunum er ólíklegast til þess.
- Þau sem lokið hafa stúdentsprófi eða háskólaprófi eru heldur líklegri til að ætla að flytja en þau sem hafa lokið grunnskóla eða iðnmenntun. Fleiri nefna þó tækifæri barna sinna til menntunar en eigin tækifæri sem mikilvæga ástæðu brottflutninga.
- Atvinnutækifæri eru mikilvægasta einstaka ástæða þess að fólk segist ætla að flytja búferlum, en aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu og verslun og þjónustu skiptir einnig verulegu máli.
- Hreint loft, kyrrð og ró, litla hættu á afbrotum og litla umferð skipta miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarkjörnum. Talsvert fleiri þátttakendur töldu þessa þætti skipta meira máli en atvinnumál, húsnæðismál eða nálægð við foreldra, börn eða barnabörn.
- Um helmingur svarenda segja að húsið þar sem þau búa skipti þau miklu máli og sá hópur er mun ólíklegri til að flytja á brott. Þau sem eiga húsnæði í byggðarlaginu eru jafnframt mun ólíklegri til að hugsa sér til hreyfings en þau sem eru á leigumarkaði.
- Tiltölulega fáir eiga hvorki fjölskyldu né vini í byggðarkjarnanum, en enn færri eiga þar alla fjölskyldu eða vini. Búseta fjölskyldu og þó sérstaklega vina hefur sterk tengsl við fyrirætlanir um að vera um kyrrt eða flytja þangað sem fjölskylda og vinir búa.
- Þau sem búa með maka sínum eða uppkomnum börnum eru líklegust til að verða um kyrrt en þau sem búa ein eru ólíklegust til þess. Einstæðir foreldrar sem hafa börn alltaf eða stundum á heimilinu eru í meðallagi líkleg til að ætla að flytja á næstu árum.
- Óþægileg félagsleg tengsl skipta einnig máli fyrir búsetuáform og nokkur hópur þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu árum nefna umtal eða slúður, gamaldags kynjaviðhorf eða erfið samskipti við tiltekna einstaklinga sem mikilvæga ástæðu fyrir þeim fyrirætlunum.
- Mat íbúanna á líklegri þróun lífskjara í byggðarkjarnanum á næstu árum hefur sterkari tengsl við búsetuáform en mat þeirra á þróun síðustu ára.

### Podsumowanie

- Wysoka rotacja ludności charakterystyczna jest dla mniejszych miejscowości w Islandii. Zdecydowana większość badanych osób mieszka poza swoją miejscowością rodzinną. Większa część osób, w jakimś okresie swojego życia, mieszkała w obszarze stołecznym oraz w innych miejscach na Islandii. Wiele z nich mieszkało również za granicą.
- Wielu mieszkańców planuje przeprowadzkę na okres tymczasowy lub na stałe, z czego 14% prawdopodobnie przeprowadzi się w ciągu najbliższych 2-3 lat. Chociaż odsetek osób zamierzających się przeprowadzić jest różny w zależności od regionu, to nie ma większej różnicy jeśli chodzi o region czy wielkość miejscowości. Jest to zgodne z oficjalnymi danymi wykazującymi, że na ogół rocznie 5-9% ludności przeprowadza się i wyprowadza się z poszczególnych gmin.
- Zdecydowana większość mieszkańców mniejszych miejscowości jest zadowolona ze swojego miejsca zamieszkania. Większość mieszkańców ma rodzinę i przyjaciół na miejscu. Większość z nich jest związana ze społecznością lokalną i przyrodą.
- Mieszkańcy zasadniczo są bardzo pozytywnie nastawieni do nowo przybyłych Islandczyków, niezależnie od tego, czy mają oni korzenie rodzinne w tej miejscowości czy nie. Mniejsze wsparcie otrzymują osoby obcego pochodzenia oraz osoby przebywające rekreacyjnie z miejscem zameldowania w innym miejscu.
- Odsetek respondentów obcego pochodzenia jest znacznie niższy niż mieszkańców pochodzenia islandzkiego. Osoby mające obojga rodziców obcego pochodzenia, są nieco bardziej skłonni do przeprowadzki niż ci, którzy mają rodziców pochodzenia tylko islandzkiego.
- Chociaż kobiety rzadziej deklarują przeprowadzkę, nie ma różnicy w proporcji mężczyźni do kobiet, uważających przeprowadzkę za bardzo prawdopodobną. Nierówny stosunek płci w mniejszych miejscowościach nie wydaje się wynikać z mniejszej imigracji kobiet czy ich zwiększonej emigracji z podobnie małych miejscowości.
- Duży odsetek osób z najmłodszej grupy wiekowej planuje przeprowadzkę w ciągu najbliższych lat, co wśród osób po siedemdziesiątce jest już rzadkością. Według tego u respondentów mieszkających w domach rodziców i uczących się istnieje największe prawdopodobieństwo emigracji, a najmniejsze u osób na emeryturze.
- Osoby z maturą, bądź które ukończyły studia wyższe, są nieco bardziej skłonne do przeprowadzki niż osoby, które mają wykształcenie podstawowe lub zawodowe. Dużo osób jednak powołuje się na możliwości edukacyjne swoich dzieci niż na własne możliwości jako ważny powód emigracji.
- Możliwość zatrudnienia są najważniejszym powodem przeprowadzki, jednak dostęp do kultury i rozrywki, opieki zdrowotnej oraz handlu i usług jest tutaj również kluczowy.
- Czyste powietrze, cisza i spokój, niskie ryzyko przestępczości i mały ruch mają kluczowe znaczenie dla kontynuowania życia na obszarach wiejskich. Znacznie więcej uczestników uznało te czynniki za ważniejsze niż zatrudnienie, mieszkanie lub bliskość rodziców, dzieci lub wnuków.
- Około połowa respondentów twierdzi, że dom, w którym mieszkają, ma dla nich duże znaczenie. Ta grupa jest znacznie mniej skłonna do przeprowadzki. Osoby posiadające własnościowe mieszkania, również znacznie rzadziej myślą o przeprowadzce niż mieszkańcy rynku wynajmu.
- Stosunkowo niewiele osób przyznało, że nie posiada rodziny czy przyjaciół w miejscowości zamieszkania. Jeszcze mniej osób zadeklarowało posiadanie tam całej rodziny lub wszystkich przyjaciół. To, gdzie mieszka rodzina, a zwłaszcza przyjaciele, ma silny wpływ na to, czy osoba pozostanie w miejscu zamieszkania, czy się raczej przeprowadzi do miejsca, gdzie mieszka jej rodzina, czy przyjaciele.
- U osób mieszkających z małżonkiem bądź z dziećmi, istnieje większe prawdopodobieństwo pozostania w miejscu zamieszkania, niż u osób mieszkających samotnie. Rodzice samotnie wychowujący dzieci, u których dzieci mieszkają na stałe bądź częściowo, u nich prawdopodobieństwo emigracji występuje o nasileniu umiarkowanym.
- Nieprzyjemne relacje społeczne również są znaczące w zakresie planów odnośnie zamieszkania. Osoby planujące w ciągu najbliższych kilku lat przeprowadzkę, deklarowały obgadywanie lub plotki, staromodne postawy w stosunku do płci oraz trudną komunikację z konkretnymi osobami jako ważny powód przeprowadzki.
- Opinia mieszkańców względem poprawy warunków życia w miejscowości w najbliższych latach, ma wpływ na ich plany mieszkaniowe bardziej niż rozwój, jaki miał tam miejsce w ostatnich latach.

### Main results

- Smaller towns and villages in Iceland are characterised by considerable mobility and most residents have lived outside their home community. The majority of residents has lived in the Reykjavík capital area and elsewhere in Iceland and many have also lived abroad.
- Many residents intend to move either temporarily or permanently from their community, and 14% will probably or definitely move away within the next 2–3 years. Although the proportion intending to migrate differs considerably between communities, there is little difference by region or community size. This is in line with official statistics showing that 5-9% of residents generally move to and from each municipality annually.
- The vast majority of residents in smaller towns and villages are satisfied with their place of residence. Most respondents have family and friends in the community and most have strong attachment to the community, the place and the natural surroundings.
- The residents are generally positive towards the in-migration of Icelanders in the community, both return migrants and people with no prior ties to the community. There is less support for the in-migration of foreign nationals and second home ownership in the community.
- The response rate of residents of foreign descent is much lower than the response rate of residents of Icelandic descent. Those who have both parents of foreign descent are somewhat more likely to intend to move away than those who have both parents of Icelandic descent.
- Although women are less likely to rule out migration, there is no difference between men and women who think it is very likely. The unbalanced gender ratio in smaller towns and villages appears to be caused equally by less female in-migration and more female out-migration.
- A large proportion of the youngest age group intends to move away in the next few years but few of those over seventy years old. Accordingly, students and respondents living with their parents are most likely to move while retired people are least likely to move.
- Those with higher levels of education are somewhat more likely to move. However, respondents were more likely to name their children's educational opportunities than their own educational opportunities as an important reason for migrating.
- Occupational opportunities are the single most important reason for expecting to migrate, but access to leisure and culture, health services, and retail and other services is also very important.
- Clean air, peace and quiet, low crime and little traffic were very important for continued residence in the small towns and villages. Substantially more respondents named these factors than occupation, housing or being close to parents, children, or grandchildren.
- About half the respondents feel that the house where they live is very important to them and that group is much less likely to migrate. Those who live in their own house or apartment in the community are also much less likely to migrate than those who rent housing.
- Relatively few respondents have no family or friends in the community, but even fewer have all their friends and family members in the community. The residence of family members and in particular friends has a strong association with intentions to stay or move to the place where friends and family live.
- Those who live with their spouse or adult children are most likely to stay but those who live alone are most likely to leave. Single parents whose children live with them on a full-time or part-time basis are moderately likely to leave within the next few years.
- Negative social relations are also important for residential intentions and some of those who intend to move within the next few years indicate that gossip, old-fashioned gender attitudes or difficult relations with particular individuals are important reasons for their intentions.
- The expected development of living conditions in the small town or village in the next few years has a stronger association with migration intentions than the evaluation of how living conditions have developed in the past few years.

## Efnisyfirlit

1. Almenn t um könnunina .....	7
2. Aðferðafræði .....	7
3. Viðhorf til búsetu .....	8
3.1 Staðsetning og stærð byggðarkjarna .....	9
3.2 Kyn og aldur. ....	10
3.3 Heimili og húsnæði. ....	11
3.4 Menntun og atvinna .....	13
3.5 Uppruni .....	14
3.6 Búsetusaga .....	16
3.7 Fjölskylda og vinir. ....	18
3.8 Staðartengsl .....	19
3.9 Þróun byggðarlagsins .....	21
3.10 Búsetufyrirætlunir eftir búsetuánægju .....	22
3.11 Ástæður fyrir því að flytja .....	23
3.12 Ástæður fyrir því að vera um kyrrt .....	25
4. Umræða .....	27
5. Heimildir .....	32

## 1. Almennt um könnunina

Þessi könnun meðal íbúa bæja og þorpa á Íslandi er hluti rannsóknarinnar *Byggðafesta og búferlaflutningar* sem unnin er á vegum Byggðastofnunar í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla. Aðrir þættir rannsóknarinnar munu felast í spurningakönnunum meðal íbúa í stærri byggðarkjörnum og í dreifbýli, úrvinnslu opinberra gagna, viðtölum og greiningu fyrri rannsókna. Nánari upplýsingar um rannsóknina og birtar niðurstöður er að finna á vef Byggðastofnunar<sup>1</sup>.


Markmið þessarar könnunar var að varpa ljósi á margvíslega þætti sem tengjast byggðafestu og búferlaflutningum íbúa í bæjum og þorpum á Íslandi. Sérstaklega var ætlunin að kanna búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir íbúa í bæjum og þorpum; áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagslegra tengsla á búsetufyrirætlanir; stöðu og fyrirætlanir aðfluttra íbúa af íslenskum og erlendum uppruna; og kynjamun í búsetufyrirætlunum og skýringar á slíkum kynjamun.

Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri stýrir rannsókninni en rannsóknarteymið skipa jafnframt Guðmundur Guðmundsson sérfræðingur við Byggðastofnun, Ólöf Garðarsdóttir prófessor við HÍ, Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur við Byggðastofnun, Unnur Dís Skaptadóttir prófessor við HÍ og Vífill Karlsson dósent við HA. Auk rannsóknarteymisins tók Gréta Berggrún Jóhannesdóttir doktorsnemi við HA þátt í öllum þáttum könnunarinnar.

Við gerð spurningalistans naut rannsóknarteymið jafnframt aðstoðar Aileen Stockdale prófessors við Queen's University í Belfast, Ársæls Más Arnarssonar prófessors við HÍ, Brynhildar Þórarinsdóttur dósents við HA, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur prófessors við HÍ, Kjartans Ólafssonar lektors við HA, Kristjáns Halldórssonar sérfræðings við Byggðastofnun, Stefáns Hrafn Jónssonar prófessors við HÍ, Tialdu Haartsen við University of Groningen, Önnu Karenar Svövudóttur þýðanda og Önnu Wojtyńska doktorsnema við HÍ.

## 2. Aðferðafræði

Könnunin var lögð fyrir í 56 byggðarkjörnum með færri en tvö þúsund íbúa, en sveitir, stærri byggðarlög og byggðarkjarnar í næsta nágrenni þeirra voru undanskilin. Á mynd 1 má sjá



MYND 1 | Staðsetning þeirra byggðarkjarna sem könnunin náði til

staðsetningu þeirra byggðarkjarna sem könnunin náði til merktá með rauðum lit, en aðra byggðarkjarna merktá með bláum lit. Nöfn einstakra byggðarkjarna sem könnunin náði til má sjá í töflu 1.

Könnunin náði þannig hvorki til höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesja, sunnanverðs Vesturlands né vestanverðs Suðurlands.

Könnunin náði hins vegar til allra byggðarkjarna á Snæfellsnesi og allra byggðarkjarna á Vestfjörðum að undanskildum Ísafirði og Hnífsdal og allra byggðarkjarna á Norðurlandi vestra nema Sauðárkróks.

1 Byggðastofnun, 2019.

**TAFLA 1 |** Nöfn þeirra byggðarkjarna sem könnunin náði til

Árskógssandur	Hellissandur	Reyðarfjörður
Bakkafjörður	Hofsós	Reykholar
Bíldudalur	Hólar í Hjaltadal	Reykjahlíð
Blönduós	Hólmavík	Rif
Bolungarvík	Hrísey	Seyðisfjörður
Borgarfjörður eystri	Hvammstangi	Siglufjörður
Breiðdalsvík	Hvolsvöllur	Skagaströnd
Búðardalur	Höfn í Hornafirði	Stykkishólmur
Dalvík	Kirkjubæjarklaustur	Stöðvarfjörður
Djúpivogur	Kópasker	Suðureyri
Dranganes	Laugar í S-Píngeyjarsýslu	Súðavík
Eskifjörður	Laugarbakkí	Tálknafjörður
Fáskrúðsfjörður	Nesjahverfi í Hornafirði	Varmahlíð
Flateyri	Neskaupstaður	Vík í Mýrdal
Grenivík	Ólafsfjörður	Vopnafjörður
Grimsey	Ólafsvík	Píngeyri
Grundarfjörður	Patreksfjörður	Pórhöfn
Hauganes	Rauðalækur	Pykkvibær
Hella	Raufarhófn	Annað, hvað?

Á Mið-Norðurlandi náði könnunin til byggðarkjarna við norðanverðan Eyjafjörð en Akureyri og nálægir kjarnar voru undanskildir. Á Austurlandi náði könnunin til allra byggðarkjarna nema Egilsstaða og Fellabæjar. Á Suðurlandi tóku íbúar á Kirkjubæjarklaustri, í Vík í Mýrdal, í Nesjahverfi og á Höfn í Hornafirði þátt í könnuninni.

Aðrar kannanir á vegum verkefnisins munu ná til strjálbýlis, byggðarkjarna á Suðurnesjum, Árnessýslu, sunnanverðu Vesturlandi, Ísafjarðar/Hnífsdals, Sauðárkróks, Akureyrar og nálæggra byggðarkjarna, Húsavíkur, Egilsstaða/ Fellabæjar og Vestmannaeyja.

Spurningalistarnir voru settir upp í Survey Monkey og höfðu svarendur val milli spurningalista á íslensku, ensku og pólsku. Í spurningalistanum voru samtals 102 spurningaliðir sem skiptust milli 51 spurningar.

Hluti spurninganna var þó aðeins ætlaður ákveðnum svarendum. Þannig fengu svarendur t.d. mismunandi spurningar eftir því hvort þeir bjuggust við því að flytja á brott á næstu 2-3 árum eða ekki. Svarendur voru að meðaltali 12 mínútur að svara íslenska listanum, 11 mínútur að svara pólska listanum en 13 mínútur að svara enska listanum.

Könnunin var lögð fyrir á á tímabilinu 20. mars – 30. apríl 2019. Sérstakur kynningarbæklingur um könnunina fór í öll hús með pósti. Tvær áminningar voru sendar í pósti, en jafnframt birtust netborðar í rafrænum staðarmiðlum, auglýsingar í dagskrárblöðum og á Facebook og netáskoranir voru sendar út.

Alls bárust 5.643 svör frá fólki með fasta búsetu í viðkomandi byggðarkjörnum, en til viðbótar 1.146 svör frá brottfluttum íbúum eða fólki sem hafði önnur tengsl við staðinn, t.d. var þar tímabundið vegna vinnu, átti frístundahús á staðnum, átti þar fjölskyldu eða dvaldi þar reglulega.

Heildarfjöldi svara samsvaraði 33% mannfjöldans í byggðarkjörnum en svarendur með aðalheimili í byggðarkjörnum voru 30% heildarmannfjöldans. Hæst var svörin frá íbúum með fasta búsetu á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Austfjörðum (32-33%) en lægst á Suðurlandi (23%).

Samanborið við alla íbúa 18 ára og eldri var hlutfall kvenna nokkru hærra (61% í úrtaki en 48% í þýði)<sup>2</sup>. Þá var hlutfall aldurhópsins 18-25 ára lægra í úrtakinu en í þýði (9% í úrtaki en 15% í þýði) og hlutfall 71 árs og eldri (5% í úrtaki en 13% í þýði). Loks var hlutfall fólks af erlendum uppruna 5% í úrtakinu en 14% meðal allra íbúa<sup>3</sup>.

Nánari upplýsingar um spurningalista, úrtaksaðferðir, kynningarefni, fyrirlögn og heimtur er að finna í framkvæmdaskýrslu könnunarinnar<sup>4</sup>.


### 3. Viðhorf til búsetu

Mynd 2 sýnir hlutfall þeirra sem búast við að flytja á brott frá viðkomandi byggðarkjarna. Alls búast um 20% íbúanna við því að flytja tímabundið á brott frá staðnum, þar af telja 8% það mjög líklegt. Ívið fleiri eða 23% búast við því að flytja á brott fyrir fullt og allt, þar af telja 11% það mjög líklegt. Þegar litið er til fastmótaðri áætlana um búferlaflutninga kemur í ljós að um 14% íbúa þessara byggðarkjarna búast við því að flytjast á brott á næstu 2–3 árum, þar af segjast 8% örugglega munu flytja.


Þótt þetta hlutfall geti virst hátt, ber þess að gæta að umtalsverður hreyfanleiki einkennir íslensk byggðarlög almennt. Samkvæmt Hagstofu Íslands flytja þannig að jafnaði 5–9% íbúanna til eða frá einstökum sveitarfélögum á ári hverju<sup>5</sup>.

2 Hagstofa Íslands, 2019a.  
3 Hagstofa Íslands, 2019b.  
4 Þóroddur Bjarnason, 2019.  
5 Hagstofa Íslands, 2019c.





MYND 2 | Áform íbúa um að flytja á brott í framtíðinni




MYND 3 | Áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu 2–3 árum

Svarendur sem töldu frekar eða mjög líklegt að þau muni flytja á brott á næstu 2–3 árum voru spurðir hvert þau muni líklegast flytja.

Þótt af almennri umræðu mætti ráða að fólk flytji yfirleitt frá minni byggðarkjörnum til höfuðborgarsvæðisins sýnir mynd 3 að það á aðeins við um þriðjung þeirra sem hyggjast flytja á brott á næstu 2–3 árum.


Um fimmtingur ætlar að flytja af landi brott og svipað hlutfall til annars landshluta innanlands. Þá ætla 13% að flytja til annars byggðarlags í sama landshluta en 14% hafa ekki ákveðið hvert þau ætli að flytja.



MYND 4 | Áform um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir landshlutum

### 3.1 Staðsetning og stærð byggðarkjarna

Eins og sjá má á myndum 4 og 5 er ekki mikill munur á búsetufyrirætlunum íbúa minni byggðarkjarna eftir staðsetningu eða íbúafjölda. Um 42–46% segjast örugglega ekki ætla



MYND 5 | Áform um búferlaf lutninga á næstu 2–3 árum eftir íbúafjölda

að flytja á næstu 2–3 árum og 23–28% segjast líklega ekki ætla að flytja. Hvort sem litið er til einstakra landshluta eða stærðar byggðarkjarna er hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega ekki að flytja því á bilinu 67–73%.

Nánari greining (ekki sýnd á mynd) leiðir í ljós talsverðan mun á búsetufyrirætlunum milli byggðarkjarna. Sé byggðarkjörnum skipt í fjórðunga eftir því hversu margir ætla líklega eða örugglega ekki að flytja á næstu 2–3 árum kemur í ljós að í lægsta fjórðungnum á þetta við um 31–63% íbúa einstakra byggðarkjarna. Í þeim fjórðungi byggðarkjarna þar sem byggðafestan er mest er hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega ekki að flytja hins vegar á bilinu 76–100%.


Sé á hinn bóginn litið til þeirra 14% svarenda sem ætla líklega eða örugglega að flytja á næstu 2–3 árum má sjá hlutfallslega mikinn mun innan þess litla hóps. Af einstökum landshlutum er hlutfallið hæst 16% á Vesturlandi þar sem könnunin náði til byggðarkjarna á Snæfellsnesi og Búðardals og á Vestfjörðum þar sem allir byggðarkjarnar nema Ísfjörður og Hnífsdalur tóku þátt. Lægst er það hins

vegar 11% á Norðurlandi vestra þar sem könnunin náði til allra byggðarkjarna nema Sauðárkróks. Þá má sjá af mynd 5 að hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega að flytja á næstu 2–3 árum lækkar með aukinni stærð byggðarkjarna með færri en 2.000 íbúa. Hlutfallið er þannig 17% í byggðarkjörnum með 250 íbúa eða færri en 12% í byggðarkjörnum með fleiri en 1.000 íbúa.


### 3.2 Kyn og aldur

Mynd 6 sýnir svör karla og kvenna við mismunandi spurningum um búsetufyrirætlanir. Þar má sjá að karlar búast síður en konur við því að flytja á brott í framtíðinni. Þannig búast 51% karla og 46% kvenna síður við því að flytja tímabundið á brott, en 58% karla og 53% kvenna búast síður við því að flytja á brott fyrir fullt og allt. Hins vegar er lítil munur á hlutfalli karla og kvenna sem telja slíka flutninga frekar eða mjög líklega en konur eru líklegri til að taka ekki afstöðu.

Á mynd 6 má aftur á móti sjá að lítil kynjamunur er búferlafyrirætlunum á næstu 2–3 árum. Þannig



MYND 6 | Áætlanir karla og kvenna um búferlaf lutninga




MYND 7 | Áform um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir aldri

segjast 14–15% karla og kvenna líklega eða örugglega munu flytja á næstu árum en 70–71% líklega eða örugglega ekki. Þetta myndur gengur gegn viðteknum hugmyndum um brottflutning kvenna úr strjálbýli til þéttbýlis en er hins vegar í samræmi við niðurstöður fyrri rannsóknar sem sýndi lítinn mun á búferlaflutningum karla og kvenna frá smærri byggðarkjörnum<sup>6</sup>.

Mynd 7 sýnir búsetufyrirætlanager svarenda eftir aldri. Eins og ætla mætti er hlutfall þeirra sem búast við að flytja á brott á næstu 2–3 árum langhæst í yngsta aldurshópnum. Þannig segjast samtals 42% svarenda á aldrinum 18–25 ára líklega eða örugglega ætla að flytja á brott á næstu árum en aðeins 36% ætla líklega eða örugglega að vera um kyrrt á næstu árum.

Hlutfall þeirra sem ætla að flytjast á brott á næstu árum lækkar jafnt og þétt með aldri úr 42% í yngsta aldurshópnum í 20% meðal 26–30 ára, 14% meðal 41–50 ára og 4% meðal þeirra sem eru eldri en 70 ára. Með sama hætti hækkar hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega að vera um kyrrt á næstu árum í 61% meðal 26–30 ára, 69% meðal 41–50 ára og 89% meðal þeirra sem eru eldri en 70 ára. Hlutfall þeirra sem eru óákveðnir lækkar jafnframt úr 21% í yngsta aldurshópnum í



MYND 8 | Heimilishagur svarenda

7% í elsta hópnum. Þetta er í samræmi við kenningar sem leggja ákvarðanir um aldurstengd áhrif tíma og áhættu á búferlaflutninga<sup>7</sup> og og fyrri rannsóknir á þessu sviði hér á landi<sup>8</sup>.

### 3.3 Heimili og húsnæði

Mynd 8 sýnir hverjir búa á sama heimili og svarendur könnunarinnar. Um 75% búa með maka en um 11% búa ein. Þau 14% sem eftir standa búa því með foreldrum sínum eða börnum eða í öðru fyrirkomulagi.

Á 43% heimila búa börn undir 18 ára aldri að staðaldri. Þá búa börn undir 18 ára aldri stundum á 7% heimila, til dæmis aðra hverja viku, aðra hverja helgi eða sjaldnar. Hafa ber í huga að í sumum tilvikum er um að ræða stjúpfélöskyldur þar sem sum börnin búa að staðaldri en önnur búa stundum. Þá búa 15% svarenda með fullorðnum börnum sínum eða maka síns og 6% búa á heimili með foreldrum sínum. Í þessum tilvikum getur bæði verið um að ræða börn sem orðin eru 18 ára en búa enn á heimili svarenda og fullorðið fólk sem aldraðir foreldrar búa hjá. Loks búa 3% svarenda í margvislegum öðrum aðstæðum.


6 Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dis Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013.

7 M.J. Greenwood, 1975; L.A. Sjaastad, 1962.

8 Vífill Karlsson, 2012.

Mynd 9 sýnir búsetuáform svarenda eftir því með hverjum þeir búa á heimili. Svarendur sem búa með maka sínum eða uppkomnum börnum eru líklegastir til að ætla að verða um kyrrt, en 75% þessara tveggja hópa segjast örugglega eða líklega ekki munu flytja á brott á næstu 2–3 árum. Sambærilegt hlutfall er 70% meðal einstæðra foreldra, 68% meðal þeirra sem hafa börn sín stundum á heimilinu og 66% meðal þeirra sem búa einir.

Búferlafutningar eru líklegastir meðal þeirra sem búa með foreldrum sínum eða foreldrum maka síns. Í þeim hópi ætla 40% örugglega eða líklega að flytja úr byggðarkjarnanum á næstu 2–3 árum en aðeins 39% ætla örugglega eða líklega ekki að flytja. Í nánari greiningu er nauðsynlegt að skoða þennan hóp eftir aldri, en líklegt má telja að ungt fólk sem ekki er enn flutt að heiman sé meginástæða þessa hreyfanleika.




MYND 9 | Áætlanir um búferlafutninga á næstu 2–3 árum eftir heimilishögum svarenda


Meðal annarra íbúa eru þeir sem búa einir ívið líklegri til að ætla að flytja en þeir sem búa með maka sínum eða börnum. Af þeim hópi segjast 7% örugglega munu flytja á næstu árum en 39% örugglega ekki.

Viða í smærri byggðarlögum er skortur á leiguhúsnæði, jafnframt því sem þau sem búa í leiguhúsnæði eiga auðveldara með að flytja búferlum þar sem fasteignamarkaður er erfiður. Því mætti búast við því að byggðafesta tengist eignarhaldi á húsnæði. Nánar er fjallað um þetta samband síðar í þessum texta.

Mynd 10 sýnir að nærri fjórri af hverjum fimm svarendum búa í eigin húsnæði. Þá segjast 7% svarenda búa í húsnæði í eigu foreldra sinna eða foreldra maka. Það er sambærilegt við þau 6% sem segjast búa á sama heimili og foreldrar eða tengdaforeldrar, en vitaskuld geta sumir haldið sjálfstætt heimili í húsnæði í eigu foreldra og aðrir geta búið með foreldrum í eigin húsnæði.



MYND 10 | Eignarhald á húsnæði svarenda



MYND 11 | Áætlun um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir eignarhaldi á húsnæði

Mynd 11 sýnir að byggðafesta er mun meiri meðal fólks í eigin húsnæði en þeirra sem búa í húsnæði í eigu annarra.


Réttur helmingur þeirra sem búa í eigin húsnæði ætla örugglega að búa áfram í byggðarkjarnanum næstu 2–3 árin en aðeins fjórðungur þeirra sem búa í leiguhúsnæði eða húsnæði í eigu foreldra.

Meðal þeirra sem búa í eigin húsnæði ætla aðeins 3% örugglega að flytja frá byggðarkjarnanum á næstu árum og aðeins 6% til viðbótar telja slíka flutninga líklega. Meðal þeirra sem búa í leiguhúsnæði telja hins vegar samtals 28% líklegt eða öruggt að þau muni flytja búferlum frá byggðarkjarnanum á næstu 2–3 árum. Um 42% þeirra sem búa í foreldrahúsum ætla líklega eða örugglega að flytja á næstu 2–3 árum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýnt hafa fram á mikilvægi fasteigna- og leigumarkaðar fyrir byggðapróun á Íslandi<sup>9</sup>.

### 3.4 Menntun og atvinna

Mynd 12 sýnir búsetufyrirætlanir svarenda eftir menntunarstigi. Þau sem eru með grunnskóla- eða verknámspróf eru ívið líklegri til að ætla að verða um kyrrt en þau sem lokið hafa stúdentsprófi eða háskólaprófi. Þannig ætla 45–47% fyrrnefnda hópsins örugglega ekki að flytja á næstu 2–3 árum en 38–39% síðarnefnda hópsins. Þessar niðurstöður endurspeglar að nokkru leyti vinnumarkað smærri byggðarlaga þar sem bóknám veitir aðgang að hlutfallslega færri störfum en í meira þéttbýli.


Hins vegar er menntasókn einnig mikilvæg ástæða búferlaflutninga<sup>10</sup>. Þau sem eru með grunnskólapróf gætu þannig ætlað að flytja til að ljúka verknámi eða stúdentsprófi og þau sem eru með stúdentspróf gætu ætlað í háskólanám.



MYND 12 | Áætlun um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir menntun

9 Vifill Karlsson og Þóroddur Bjarnason, 2019; Vifill Karlsson, 2012, 2017a.

10 Sjá t.d. Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarðsson, 2017.




MYND 13 | Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir stöðu á vinnumarkaði

Mynd 13 sýnir að þau sem eru með eigin atvinnurekstur eða heimavinnandi eru líklegri til að ætla að vera um kyrrt en þau sem eru í vinnu hjá öðrum.

Þau sem eru í námi eru líklegust til að ætla að flytja á brott á næstu 2–3 árum eða samtals 34%. Í þeim hópi eru bæði framhaldsskóla- og háskólanemar. Í samræmi við lítinn hreyfanleika elsta hópsins eru svarendur á eftirlaunum hins vegar ólíklegastir til að ætla að flytja á brott á næstu árum.

### 3.5 Uppruni

Hlutfall íbúa af erlendum uppruna hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru innflytjendur nú 14% íbúa á strjálbýlli svæðum. Erfitt getur þó reynst að ná til svarenda af erlendum uppruna í könnunum af þessu tagi. Í þessari könnun var allt kynningarefni, auglýsingar og spurningalistar á íslensku, pólsku og ensku, en svör frá fólki af erlendum uppruna eru þó aðeins 5% af heildarfjölda svara.




MYND 14 | Erlendur uppruni svarenda eftir aldri

Mynd 14 sýnir hlutfall svarenda sem áttu eða eiga eitt eða tvö foreldri af erlendum uppruna eftir aldri. Eins og sjá má er hlutfallið talsvert hærra í yngri aldurshópnum en þeim eldri. Þannig eiga 11–12% svarenda 40 ára eða yngri a.m.k. eitt foreldri af erlendum uppruna en aðeins 3% þeirra sem eru eldri en 70 ára.

Mynd 15 sýnir fyrirætlanir fólks um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir íslenskum eða erlendum uppruna. Um 14% þeirra sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna telja að þau muni líklega eða örugglega flytja á næstu árum, en 23% þeirra sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna. Svarendur sem eiga annað foreldrið erlendum uppruna eru þar á milli. Með svipuðum hætti er byggðafestan mest 71% meðal svarenda af íslenskum uppruna en minnst 62% meðal svarenda sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna.

Í þessu sambandi er þó rétt að áréttast að munurinn á byggðafestu þeirra sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna og þeirra sem eiga rætur að rekja til annarra landa er ekki mjög mikill. Það er




MYND 15 | Áætlun um búferlaf lutninga á næstu 2-3 árum eftir erlendum uppruna

Þannig langt því frá að svarendur af erlendum uppruna séu almennt búsettir í þessum byggðarkjörnum um stundarsakir. Þó má vera að íbúar af erlendum uppruna sem hafa fest rætur og ætla að búa áfram á Íslandi séu líklegri til að taka þátt í könnun af þessu tagi. Þeir sem koma hingað til lands í styttri tíma eru hins vegar líklegri til að láta slíka könnun framhjá sér fara og kann það að skekkja niðurstöðurnar.


Mynd 16 sýnir hvar íbúar byggðarkjarnanna hafa alist upp. Rúmur helmingur eða 53% ólust upp að miklu eða öllu leyti í byggðarkjarninum eða nágrenni hans, þar af 44% að öllu leyti. Það hlutfall stangast á við þá mynd sem oft er dregin upp af minni byggðarlögum að ungt fólk flytji þaðan og fái komi þangað aftur. Svipaðar niðurstöður hafa hins vegar fengist í fyrri rannsóknum á innfæddum og aðfluttum íbúum utan höfuðborgarsvæðisins<sup>11</sup>.

Um 13% svarenda segjast hafa alist upp að miklu eða öllu leyti á höfuðborgarsvæðinu en 24% annars staðar á Íslandi. Skoða þarf nánar að hvaða marki þetta hlutfall er mismunandi eftir kyni og aldri svarenda og staðsetningu byggðarkjarnanna.

11 Sjá t.d. Póroddur Bjarnason, 2018.



MYND 16 | Uppeldissvæði svarenda



MYND 17 | Áætlanir um búferlaf lutninga á næstu 2-3 árum eftir því hvar svarendur ólust upp að mestu eða öllu leyti

Mynd 17 sýnir búsetufyrirætlanir íbúa byggðarkjarnanna eftir því hvar þeir ólust upp að mestu eða öllu leyti. Að undanskildum þeim sem ólust upp erlendis er munurinn á byggðafestu þessara hópa minni en gera hefði mátt ráð fyrir.

Þannig er hlutfall þeirra sem telja að þau muni líklega eða örugglega flytja á brott á næstu 2–3 árum um 14–15% meðal þeirra sem ólust að mestu eða öllu leyti upp í viðkomandi byggðarkjarna, á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar innanlands, og það sama á við um þann blandaða hóp sem ekki hafði alist upp að mestu eða öllu leyti á einum stað. Meðal þeirra sem ólust upp erlendis er þetta hlutfall hins vegar 23%.

Meðal þeirra sem ólust upp erlendis töldu aðeins 33% að þeir myndu örugglega ekki flytja á næstu árum, samanborið við 47% meðal þeirra sem ólust upp í byggðarkjarnanum og 42–43% meðal þeirra sem ólust upp á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu.


### 3.6 Búsetusaga

Mynd 18 sýnir reynslu íbúanna af búsetu annars staðar en í viðkomandi byggðarkjarna. Um 16% svarenda segjast aldrei hafa búið annars staðar, en til samanburðar var þetta hlutfall 14% í fyrri rannsókn á búsetusögu íbúa á Akureyri, Húsavík og Dalvík<sup>12</sup>.


Nærri tveir af hverjum þremur íbúum þessara byggðarkjarna höfðu einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu og svipað hlutfall hafði einhvern tímann búið annars staðar á landinu.

Nærri einn af hverjum tíu hafði búið á höfuðborgarsvæðinu í meira en tuttugu ár, einn af tíu í meira en tíu ár og einn af tíu í meira en fimm ár. Vel ríflega þriðjungur allra svarenda höfðu búið á höfuðborgarsvæðinu í fimm ár eða skemur. Ívið fleiri höfðu búið lengi annars staðar á landinu, en um fjórðungur allra svarenda höfðu búið annars staðar í meira en fimm ár. Tæplega þriðjungur hafði búið annars staðar í fimm ár eða skemur.

Um 5% íbúanna höfðu búið erlendis í meira en tíu ár sem er í góðu samræmi við það að 6% svarenda segjast hafa alist upp erlendis að miklu eða öllu leyti. Til viðbótar hefur um fjórðungur allra svarenda búið erlendis í tíu ár eða skemur. Það er svipað hlutfall og fram kom í rannsókn á búsetusögu íbúa Akureyrar, Dalvíkur og Húsavíkur.



MYND 18 | Reynsla svarenda af búsetu annars staðar



MYND 19 | Hlutfall þeirra sem aldrei hafa búið annars staðar


12 Þóroddur Bjarnason, 2018.



Mynd 19 sýnir nánar hlutfall íbúa minni byggðarkjarna sem aldrei hafa búið annars staðar. Það á við um ívið fleiri karla en konur, en munurinn er þó aðeins um fjögur prósentustig. Þótt um eða yfir helmingur karla og kvenna í þessum byggðarlögum hafi alist þar upp er yfirgnæfandi meirihluti þeirra því annað hvort aðflutt eða hafa snúið aftur til heimahaganna eftir búsetu annars staðar.

Hins vegar má sjá umtalsverðan mun á hlutfalli þeirra sem aldrei hafa búið annars staðar eftir aldri. Það hlutfall er aðeins 12–14% meðal þeirra sem eru 60 ára eða yngri. Meðal þeirra sem eru eldri en 60 ára hefur hins vegar um fjórðungur aldrei búið annars staðar.

Þetta bendir til þess að hreyfanleiki íbúa minni byggðarlaga hafi aukist mikið frá því sem áður var. Þó kann einnig að vera að þessar niðurstöður sýni að fólk af eldri kynslóðinni hafi á árum áður verið ólíklega til að snúa aftur heim ef það á annað borð flutti burt úr byggðarlaginu. Skoða verður þetta



**MYND 20** | Áætlun um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir því hvort svarendur hafa búið annars staðar í a.m.k. eitt ár

mynstur nánar með tilliti til ýmissa annarra þátta í þessum gögnum. Þá mætti jafnframt nota gögn Þjóðskrár til að skoða endurkomuhlutfall fólks eftir fæðingarágöngum.


Mynd 20 sýnir búsetufyrirætlunir íbúa byggðarkjarnanna eftir reynslu þeirra af búsetu annars staðar í eitt ár eða lengur. Þau sem hafa búið erlendis ætla síður að vera um kyrrt en þau sem aldrei hafa búið annars staðar.

Minni munur er á búsetufyrirætlunum þeirra sem aldrei hafa búið annars staðar og hinna sem reynslu hafa af búsetu á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu. Meðal allra þessara hópa ætla 41–43% örugglega ekki að flytja á næstu 2–3 árum og 26–27% ætla líklega ekki að flytja. Með svipuðum hætti er hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega að flytja 14% meðal þeirra sem aldrei hafa búið annars staðar en 16% meðal þeirra sem búið hafa á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis.

Nauðsynlegt er að skoða þessar niðurstöður nánar með tilliti til aldurs, en yngra fólk sem hefur aldrei búið annars staðar er jafnframt líklega til að ætla að flytja. Því kann að vera að byggðafesta þeirra sem eldri eru en aldrei hafa búið annars staðar sé mun meiri en hér kemur fram.

Með svipuðum hætti og íbúar sem eru af erlendum uppruna eða hafa búið erlendis er byggðafestan nokkru minni meðal þeirra sem búið hafa erlendis í eitt ár eða lengur. Þannig ætla aðeins 35% þeirra sem búið hafa erlendis örugglega að vera um kyrrt næstu árin, en hlutfall þeirra sem telja slíkt líklegt er svipað og meðal annarra hópa. Skoða þarf nánar hvort þeir sem ólust upp hér á landi en hafa dvalið erlendis eru að þessu leyti frábrugðnir þeim sem ólust upp erlendis.






MYND 21 | Búseta nánustu fjölskyldu og bestu vina í byggðarkjarnanum

### 3.7 Fjölskylda og vinir

Búseta fjölskyldu og vina í byggðarlaginu er einn þeirra fjölmörgu þátta sem aukið geta byggðafestu, en búseta slíkra aðila á höfuðborgarsvæðinu, annars staðar á landinu eða erlendis er meðal þeirra togkrafta sem dregið geta úr byggðafestu.

Mynd 21 sýnir búsetu nánustu fjölskyldu og bestu vina í byggðarlaginu.

Hér ber þess að gæta að svarendur skilgreina þessa aðila sjálfir. Þannig má reikna með því að foreldrar, systkini, makar og börn séu talin með, en misjafnt getur verið hvort t.d. systkini foreldra, systkinabörn, mágur og svilar séu talin til nánustu fjölskyldu. Þar er ekki tekið tillit til þess hversu stóra fjölskyldu eða vinahóp svarendur eiga, en í einhverjum tilvikum er t.d. mögulegt að svarendur eigi hvorki fjölskyldu né vini á lífi.




MYND 22 | Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir því hvort nánasta fjölskylda býr í byggðarlaginu

Tiltölulega fátítt er að fólk eigi hvorki fjölskyldu né vini í byggðarkjarnanum, en enn fátíðara er að öll fjölskyldan og allir vinirnir búi á staðnum. Hins vegar eiga samtals 28% tvo eða færri úr nánustu fjölskyldu og 23% tvo eða færri af bestu vinum sínum á staðnum. Þá eiga samtals 39% flesta eða alla úr nánustu fjölskyldu og 37% flesta eða alla bestu vini sína í byggðarkjarnanum.

Mynd 22 sýnir tengslin milli búsetu nánustu fjölskyldu og búsetuáforma svarenda. Hlutfall þeirra sem ætla örugglega að vera um kyrrt næstu árin hækkar úr 35% meðal þeirra sem eiga enga nána fjölskyldu í byggðarkjarnanum í 51–53% meðal þeirra sem segja að flestir eða allir í nánustu fjölskyldu þeirra búi þar.

Hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum lækkar að sama skapi úr 23% meðal þeirra sem eiga enga nána fjölskyldu í byggðarkjarnanum í 11–12% sem segja að flestir eða allir séu búsettir þar.




MYND 23 | Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir því hvort bestu vinir búa í byggðarlaginu

Mynd 23 sýnir með sama hætti tengslin milli búsetu bestu vina og búsetuáforma. Eins og sjá má eru þau tengsl sterkari en tengslin við búsetu nánustu fjölskyldu. Þannig ætla aðeins 26% þeirra sem segjast enga nána vini eiga í byggðarkjarnanum að vera um kyrrt næstu árin, en 63% þeirra sem segja að allir bestu vinir þeirra búi í byggðarkjarnanum.

### 3.8 Staðartengsl

Mynd 24 sýnir hversu miklu máli þátttakendur telja að einstakir þættir skipti þá persónulega í byggðarkjarnanum. Allir þeir þættir sem spurt var um skiptu flesta svarenda talsverðu eða miklu máli. Þannig sögðu 74–79% að húsið sem þau byggju í, samfélagið og staðurinn sem slíkur skiptu þau máli, þar af sagði um helmingur að þessi atriði skiptu þau miklu máli.

Náttúran og umhverfið var þó sá þáttur sem skipti flesta íbúa talsverðu eða miklu máli persónulega eða 86% svarenda. Þannig sögðu 65% að náttúra og umhverfi byggðarkjarnans skiptu þau miklu




MYND 24 | Hversu miklu máli einstakir þættir búsetu skipta svarendur persónulega

máli persónulega og 21% til viðbótar að þessi þáttur skipti þau talsverðu máli. Það er í samræmi við niðurstöður nýlegrar rannsóknar sem gerð var víða um land<sup>13</sup>.

Mynd 25 sýnir hversu miklu máli þátttakendur telja að einstakir þættir skipti þá persónulega í byggðarkjarnanum, eftir því að hve miklu leyti þeir ólust upp í byggðarlaginu. Fyrsta súlan í hverjum flokki sýnir þannig hlutfall þeirra sem telja viðkomandi þátt skipta sig miklu máli meðal þeirra sem ólust ekkert upp á staðnum, önnur súlan sambærilegt hlutfall meðal þeirra sem ólust að litlu eða nokkru leyti upp á staðnum og þriðja súlan í hverjum flokki hlutfallið meðal þeirra sem ólust þar upp að miklu eða öllu leyti.

Um helmingur svarenda segja að húsið sem þeir búa í skipti þá persónulega miklu máli. Í því sambandi virðist ekki skipta neinu máli að hve miklu leyti þau ólust upp í byggðarlaginu.

13 Vífill Karlsson og Þóroddur Bjarnason, 2019.




**MYND 25** | Hversu miklu máli skipta þátttakendur persónulega eftir því að hve miklu leyti þau ólust þar upp

Þau sem ólust að einhverju eða öllu leyti upp í byggðarlaginu eru nokkru líklegri til að segja að samfélagið á staðnum skipti þau miklu máli. Munurinn er hins vegar mun meiri þegar spurt er um náttúruna eða staðinn sem slíkan.

Þau sem ólust ekkert upp á staðnum virðast tengja sterkast við náttúruna, þá húsið þar sem þau búa og minnst við samfélagið eða staðinn sem slíkan. Þó ber að gæta þess að um tvö af hverjum fimm aðfluttum segja að samfélagið eða staðurinn sem slíkur skipti þau miklu máli. Þau sem ólust að miklu eða öllu leyti upp á viðkomandi stað eru hins vegar mun líklegri til að segja að náttúran eða staðurinn sem slíkur skipti þau mjög miklu máli.

Mynd 26 sýnir búsetufyrirætlánir íbúa byggðarkjarnanna eftir því hversu margir þættir þessara fjögurra þátta (húsnæðið, samfélagið, staðurinn sem slíkur og náttúran) skipta þau miklu máli. Í fyrsta hópnum eru þau sem segja að enginn þessara þátta skipti þau miklu máli, í öðrum hópnum



**MYND 26** | Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir því hversu margir þættir staðartengsla skipta þau miklu máli

þau sem segja að einhver einn af þessum þáttum skipti þau miklu máli, í þriðja hópnum einhverjir tveir þættir og þannig koll af kalli. Í síðasta hópnum eru þau sem segja alla fjóra þættina skipta sig miklu máli.

Af þeim sem enginn þessara þátta skipir miklu ætla 20% örugglega eða líklega að flytja á brott á næstu 2–3 árum. Það hlutfall lækkar jafnt og þétt eftir því sem fleiri þættir skipta máli og er lægst 8% meðal þeirra sem allir fjórir þættirnir skipta miklu máli. Jafnframt lækkar hlutfall þeirra sem eru óvissir úr 20% í 12%.

Með sambærilegum hætti hækkar hlutfall þeirra sem ætla örugglega ekki að flytja á brott á næstu árum úr 28% meðal þeirra sem enginn þessara þátta skiptir miklu máli í 59% meðal þeirra sem allir þættirnir skipta miklu máli.


Nánari greining (ekki sýnd hér) leiðir í ljós að sterk tengsl við hvern og einn af þessum fjórum þáttum hafa svipuð tengsl við búsetufyrirætlanir. Ef einhver þessara þátta skiptir miklu máli er hlutfall svarenda sem ætla örugglega að flytja á næstu árum aðeins 4–5%, en hlutfall þeirra sem ætla örugglega að vera um kyrrt 51–56%. Á hinn bóginn er talsverður munur á þeim sem segja að einstakir þættir skipti þau engu máli. Þannig ætla 42% örugglega að flytja á brott á næstu árum ef náttúran skiptir þau engu máli og 40% ef samfélagið skiptir þau engu máli. Þetta hlutfall er hins vegar aðeins 26% meðal þeirra sem segja að húsnæðið skipti engu máli. Með svipuðum hætti ætla aðeins 12–14% örugglega að vera um kyrrt ef náttúran, samfélagið eða staðurinn sem slíkur skipta þau engu máli, en 30% ætla örugglega að vera um kyrrt þótt húsnæðið skipti þau engu máli. Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að tengsl við náttúruna, samfélagið, staðinn sem slíkan og við húsnæðið skipti öll verulegu máli fyrir búsetuáform fólks í minni byggðarlögum. Í sumum tilvikum kann húsnæðið að skipta minna máli en það tengist eflaust því hvort fólk á húsnæðið eða ekki.

Í almennri umræðu er oft talað um eignarhald á húsnæði sem átthagafjötra í byggðarlögum þar sem húsnæðisverð er lágt og erfitt að selja húsnæði. Húsnæðiseigendur sem hefðu viljað flytja hafi þannig ekki efni á því að skilja húsnæðið eftir eða selja það fyrir brot af því sem húsnæði myndi kosta á nýjum stað. Þó má einnig líta á lágt húsnæðisverð sem mikilvæg búsetugæði þar sem fólk getur átt húsnæði af stærð eða gæðum sem það hefði ekki efni á annars staðar. Þannig var lágt húsnæðisverð sterkasti togkrafturinn meðal kvenna sem flust höfðu af höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja, Suðurlands og Vesturlands árin 2002-2006<sup>14</sup>. Í frekari rannsóknum þarf að skoða nánar að hvaða marki skuli lítið á húsnæðismarkað smærri byggðarlaga sem jákvæðan togkraft sem auki löngun fólks til að búa þar áfram eða neikvæðan togkraft sem komi í veg fyrir að þeir geti farið.


### 3.9 Þróun byggðarlagsins

Mynd 27 sýnir mat íbúanna á því hvort lífskjör í byggðarkjarnanum hafi annars vegar almennt batnað eða versnað á síðustu árum og hins vegar hvort þau telji að lífskjörin muni almennt batna eða versna á næstu árum.

Alls telur helmingur svarenda að lífskjör hafi batnað nokkuð eða mikið á síðustu árum, fjórðungur að þau hafi versnað nokkuð eða mikið og fjórðungur að þau hafi hvorki batnað né versnað.




MYND 27 | Mat á þróun byggðarlagsins



MYND 28 | Áætlanir um búferlaf lutninga á næstu 2–3 árum eftir því hversu margir þættir staðartengsla skipta þau miklu máli

14 Hafdís Anna Bragadóttir, Helga Karlsdóttir, Sigríður Diljá Magnúsdóttir og Sindri Sigurgeirsson, 2007.



**MYND 29** | Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum eftir því hvort lífskjör í byggðarkjarnanum muni batna eða versna

Myndir 28 og 29 sýna að bæði mat á þróun síðustu ára og væntingar til þróunarinnar næstu árin spá fyrir um búsetuáform íbúanna. Myndirnar sýna jafnframt að sambandið er talsvert sterkara hvað framtíðina varðar en fyrri þróun.

Hlutfall þeirra sem búast örugglega við því að vera um kyrrt hækkar úr 27% meðal þeirra sem telja að lífskjörin hafi versnað mikið á síðustu árum í 57% meðal þeirra sem telja að þau hafi batnað mikið. Hins vegar hækkar þetta hlutfall úr 17% meðal þeirra sem telja að lífskjörin muni versna mikið á næstu árum í 63% meðal þeirra sem telja að þau muni batna mikið.

Með svipuðum hætti lækkar hlutfall þeirra sem ætla örugglega að flytja á næstu árum úr 20%


meðal þeirra sem telja að lífskjörin hafi versnað mikið og 36% meðal þeirra sem telja að þau muni versna mikið í 3% meðal þeirra sem telja að þau hafi og muni batna mikið.

Í frekari úrvinnslu verður þetta mat á samfélagsbreytingum og áhrif þess á búsetufyrirætlanir skoðuð nánar. Þannig mætti til dæmis bera saman þá sem telja að lífskjörin hafi batnað og muni áfram batna, þá sem telja að lífskjörin hafi versnað og muni áfram versna, og þá sem telja að ástandið hafi versnað en muni batna í framtíðinni. Líklegt er að slík mismunandi viðhorf tengist þáttum á borð við aldur, kyn, uppruna og menntun og að þau hafi ólík áhrif á búsetuánægju og búsetufyrirætlanir.

### 3.10 Búsetufyrirætlanir eftir búsetuánægju

Mynd 30 sýnir ánægju þátttakenda með búsetu í viðkomandi byggðarkjörnum þegar á heildina er litið. Um þrjár af hverjum fjórum íbúum segjast vera frekar eða mjög ánægðir með búsetuna en um það bil einn af hverjum átta eru óánægðir. Þar af segjast 40% vera mjög ánægð með búsetu sína en 6% mjög óánægð. Um tíundi hver íbúi er hvorki ánægður né óánægður með búsetuna.

Þessi mikla almenna ánægja með búsetu í minni byggðarkjörnum er í samræmi við niðurstöður fyrri




**MYND 30** | Ánægja með búsetu í byggðarkjarnanum

rannsóknna. Í könnun sem gerð var utan höfuðborgarsvæðisins árið 2007 voru 75% þannig ánægð með þann stað þar sem þau bjuggu, þar af 35% mjög ánægð<sup>15</sup>. Svipaðar niðurstöður hafa fengist í einstökum byggðarkjörnum<sup>16</sup>.

Ánægja eða óánægja með búsetu er eðlilega einn helsti forspárþáttur þess að fólk ákveði að vera um kyrrt eða flytja á brott, þótt aðrir þættir á borð við menntun, atvinnu eða félagsleg tengsl geti einnig leitt til þess að fólk ýmist flytjist nauðugt á brott eða í lengist á stað þar sem það er ekki ánægt<sup>17</sup>.

Eins og sjá má á mynd 31 er athyglisvert samband milli búsetuánægju og búsetufyrirætlana. Eins og við mátti búast er hlutfall þeirra sem ætla örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum hæst 18% þeirra sem eru mjög óánægð með búsetuna en lægst 2% meðal þeirra sem eru mjög ánægð með búsetuna.



**PRUFU MYND 31 |** Áætlanir um búferlaflutninga á næstu 2–3 árum eftir heildaránægju með búsetu í byggðarkjarnanum

Þegar litið er til þeirra sem ætla örugglega ekki að flytja á brott á næstu árum kemur hins vegar athyglisvert mynstur í ljós. Eðlilega er hlutfall þeirra sem ætla að vera um kyrrt næstu árin hæst 63% meðal þeirra sem eru mjög ánægðir með búsetuna. Hlutfall þeirra sem ætla að verða um kyrrt er hins vegar aðeins litlu lægra eða 57% meðal þeirra sem eru mjög óánægðir. Byggðafestan er talsvert minni hjá þeim sem eru frekar ánægð eða frekar óánægð en lægst 15% hjá þeim sem eru hvorki ánægð né óánægð með búsetuna.

Ekki er fyllilega ljóst hvernig á þessu sveigða sambandi milli búsetuánægju og byggðafestu stendur. Hópurinn sem er mjög óánægður með búsetuna er aðeins 6% heildarinnar en vera má að helmingur þess hóps sé fólk sem af einhverjum ástæðum telur sig vera fast í byggðarkjarnanum, t.d. vegna fjölskylduaðstæðna, húsnæðismála eða annarra þátta.

Hins vegar er einnig hugsanlegt að sterkar jákvæðar eða neikvæðar skoðanir á byggðarkjarnanum endurspegli mikilvægi hans í huga svarenda. Þannig skipti byggðarkjarninn e.t.v. litlu máli í huga margra þeirra sem eru hvorki ánægð né óánægð með búsetu sína þar og því sé byggðafestan minnst meðal þeirra. Sum þeirra sem búa áfram í byggðarkjarnanum þrátt fyrir að vera mjög óánægð með búsetuna kunna þannig að vera einstaklingar sem hafa sterkar skoðanir á því sem betur mætti fara og ætla sér að breyta hlutunum til hins betra.

### 3.11 Ástæður fyrir því að flytja


Þau 14% þátttakenda sem sögðust líklega eða örugglega munu flytja á brott á næstu 2–3 árum voru spurð um helstu ástæður þeirra fyrirætlana um búferlaflutninga. Með svipuðum hætti voru þau 86% sem ekki ætla að flytja á brott spurð um ýmis atriði sem skipt geta máli fyrir áframhaldandi búsetu.

Mynd 32 sýnir helstu ástæður þess að svarendur ætli líklega eða örugglega að flytja. Myndin sýnir svör allra þátttakenda, óháð því hvort viðkomandi þáttur eigi við um þau. Þannig eiga ekki allir maka, börn eða foreldra á lífi, og ættingjar og vinir búa ýmist í byggðarlaginu eða annars staðar eins og áður hefur komið fram. Þessar tölur sýna því mikilvægi einstakra þátta í heildarmynd búferlaflutninga, en ekki mikilvægi þeirra í lífi einstaklinga. Þannig er vægi barnabarna til dæmis tiltölulega lágt í heildarmyndinni vegna þess að margir eiga ekki barnabörn, en þau gætu engu að síður verið mikilvægur þáttur ef aðeins væri litið til þeirra sem eru afar eða ömmur. Með svipuðum hætti skipta atvinnumöguleikar maka minna máli en eigin atvinnumöguleikar í heildarmyndinni vegna þess að sumir eiga ekki maka.

15 Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason, 2007.

16 Sjá t.d. Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010; Sigrún Þorsteinsdóttir, 2016; Vífill Karlsson, 2017b.

17 Þóroddur Bjarnason, 2019.



### MYND 32 | Ástæður þess að ætla að flyta á brott á næstu 2–3 árum

Atvinnutækifæri skiptu 73% svarenda máli, þar af sögðu 54% að þau skiptu mjög miklu máli í þessu sambandi. Atvinnutækifæri maka skiptu einnig máli í 66% tilvika en þess ber að gæta að sumir svarenda eiga ekki maka. Fyrri rannsóknir benda til þess að atvinnutækifæri karla geti skipt meira máli en atvinnutækifæri kvenna þegar ákvörðun er tekin um búferlaflutninga fjölskyldunnar<sup>18</sup>. Frekari greiningar er þörf til að meta áhrif atvinnutækifæra svarenda og maka þeirra á búferlaflutninga fyrirætlunir með tilliti til kyns.

Aðgengi að margvíslegri þjónustu er einnig mikilvæg ástæða búferlaflutninga þótt atvinnutækifæri skipti mestu máli. Þannig segja 37–40% þeirra sem ætla að flytja að aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu og annari verslun og þjónustu skipti miklu máli í þeirri ákvörðun og 27–30% að slíkir þættir skipti nokkru máli.

Þá skipta menntamál marga svarendur máli. Eins og við er að búast skiptir eigin menntasókn

hér máli, sem og menntasókn maka. Hins vegar vekur athygli að tækifæri barns til menntunar virðist jafnvel hafa ívið meira vægi í búferlaflutningum en menntasókn foreldranna. Ekki er ljóst af þessu niðurstöðum hvort hér sé um að ræða mat á gæðum grunnskólanáms í byggðarlaginu, aðgengi að almennu námi á framhaldsskólastigi eða sérhæft nám á borð við tónlistarnám. Jafnframt benda niðurstöðurnar til þess að aðgengi barna að íþrótt- og tómstundastarfi skipti máli í þessu samhengi. Mikilvægt er að skoða nánar þátt menntunar og tómstundastarfs barna í ákvörðunum um búferlaflutninga frá minni byggðarlögum á Íslandi.

Fyrir ákveðinn hóp svarenda er nálægð við ættingja og vini einnig mikilvæg ástæða fyrirhugaðra búferlaflutninga. Það er í samræmi við þau tengsl milli búsetu nánustu fjölskyldu og bestu vina við fyrirhugaða búferlaflutninga sem rakin voru hér að ofan. Þannig segja 32% að mikilvæg ástæða fyrirhugaðra búferlaflutninga sé að vera nær vinum og ættingjum, 28% nefna nálægð við börnin sín, 22% foreldra sína og 16% nálægð við barnabörnin. Nánari greining getur leitt í ljós hversu

18 Sjá t.d. Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005.



mikilvægir þessir félagslegu þættir eru fyrir þau sem eiga nána fjölskyldu eða góða vini utan byggðarlagsins, og hvernig slík tengsl eru eftir aldri, kyni og öðrum bakgrunnspáttum.


Auk þeirra togkrafta sem dregið geta fólk úr heimabyggð eru ýmsir ýtikraftar sem tengjast byggðarlaginu sjálfu sem geta ýtt undir brottflutninga. Í rannsóknum á þessu sviði er oft lögð áhersla á skort af ýmsu tagi sem slíka ýtikrafta, svo sem skort á atvinnutækifærum, skort á þjónustu, skort á afþreyingu og þar fram eftir götunum. Þannig eru ýtikraftar oft skilgreindir sem spegilmynd togkrafta – aðráttarafi annarra staða er þá gnægð af þeim þáttum sem skortir í heimabyggð. Sjaldnar er litið til neikvæðra þátta á borð við óþægileg viðhorf eða tengsl við aðra sem ýtikrafta minni byggðarlaga<sup>19</sup>.

Í þessari könnun var spurt sérstaklega um fjóra neikvæða samfélagsþætti sem ýtt gætu fólki út úr minni byggðarkjörnum; umtal og slúður, samskipti við tiltekna einstaklinga, gamaldags kynja-

viðhorf og kröfur um ólaunaða sjálfböðavinnu. Niðurstöðurnar leiða í ljós að umtal og slúður virðist mikilvægast þessara neikvæðu þátta. Um 21% svarenda segja að það skipti miklu máli fyrir fyrirhugaða flutninga að losna við slúður og umtal, og 20% til viðbótar segir að það skipti nokkru máli. Þá segja 29% að það skipti nokkru eða miklu máli að losna við tiltekna einstaklinga og 22% að losna við gamaldags kynjaviðhorf. Þótt kröfur um ólaunaða sjálfböðavinnu séu stundum nefndar sem neikvæður þáttur við smærri byggðarlög eru aðeins 7% svarenda sem segja það skipta miklu máli í ákvörðun um búferlaflutninga og 8% segja að það skipti nokkru máli. Tengsl neikvæðra samfélagsþátta og búsetuáforma verða skoðuð nánar í frekari úrvinnslu þessara gagna.

### 3.12 Ástæður fyrir því að vera um kyrrt

Í rannsóknum á búsetufyrirætlunum fólks í dreifðum byggðum er yfirleitt lögð áhersla á þá þætti sem skýrt geta ákvarðanir um brottflutning. Þannig er óbeint litið á þau sem verða um kyrrt sem óvirka aðila sem ekki taka slíka ákvörðun. Hins vegar er það ekki síður ákvörðun að vera um kyrrt,




MYND 33 | Ástæður fyrir áframhaldandi búsetu

19 Þóroddur Bjarnason, 2019.

og sérstaklega í byggðarlögum sem standa höllum fæti má segja að sú ákvörðun sé tekin með reglulegu millibili.

Í þessari könnun voru svarendur sem ekki bjuggust við því að flytja á brott á næstu 2–3 árum spurðir um helstu ástæður áframhaldandi búsetu. Mynd 33 sýnir að flestir telja skipta miklu máli þau lífsgæði sem sérstaklega einkenna fámenn byggðarlög. Þannig nefna 94–97% að hreint loft, kyrrð og ró, lítil hætta á afbrotum og lítil umferð skipti nokkru eða miklu máli. Þar af segja 68–80% að þessir þættir skipti mjög miklu máli. Þetta er í öllum aðalatriðum sambærilegt annarri könnun frá 2016 og 2017 sem gerð var víða í landsbyggðunum<sup>20</sup>.

Húsnæðið sem svarendur búa í skiptir raunar álíka miklu máli og almenn lífsgæði fámennra byggðarlaga. Þannig telja 67% húsnæðið skipta miklu máli og 25% að það skipti nokkru máli. Þá telja 80% atvinnu sína og 71% atvinnu maka skipta máli fyrir áframhaldandi búsetu sína.



**MYND 34 |** Hvaða hópa ætti að hvetja til að setjast að í byggðarkjarnanum

Loks skipta félagsleg tengsl verulegu máli fyrir áframhaldandi búsetu. Þannig nefna 74% að nálægð við börn sín eða maka síns skipti máli, 66% nálægð við foreldra sína eða maka og 49% nálægð við barnabörn sín eða maka. Sem fyrr þarf að hafa í huga að þessar niðurstöður eiga við um hópinn sem heild en margir svarendur eiga ekki maka, börn eða barnabörn.

Alls segja 79% að nálægð við aðra ættingja eða vini skipti máli fyrir áframhaldandi búsetu í byggðarlaginu. Þó telja aðeins 32% að nálægð við slíka aðila skipti miklu máli en 47% til viðbótar telja það skipta nokkru máli fyrir áframhaldandi búsetu sína.

Mynd 34 sýnir viðhorf íbúa til þess að ólíkir hópar flytji til byggðarkjarnans að hluta eða öllu leyti. Eins og við var að búast telur meirihluti íbúanna eða 62% að hvetja ætti brottflutta íbúa til að snúa aftur heim til byggðarlagsins. Hins vegar vekur athygli að þátttakendur telja ekki síður mikilvægt að hvetja íslenskt aðkomufólk til að setjast að í byggðarkjarnanum, og er það hlutfall raunar ívið hærra en hlutfall þeirra sem vilja hvetja brottflutta til að snúa til baka.

Hins vegar vekur athygli að mun færri íbúar telja að hvetja eigi fleira fólk af erlendum uppruna til að flytja til byggðarkjarnans. Aðeins 37% svarenda eru á þeirri skoðun, þar af 14% sem segjast vera mjög sammála því.

Þessar upplýsingar þarf að greina nánar en hugsanlegt er að svör við þessum spurningum litist af því sem svarendur vita um brottflutta íbúa og líkur á því að þeir snúi til baka. Þessi gögn mætti nýta til að skoða hvort verulegur munur er á afstöðu fólks til innflytjenda í mismunandi byggðarkjörnum eftir t.d. aldri, kyni og uppruna og hvort þættir á borð við stærð byggðarkjarnanna, hlutfall aðfluttra af erlendum uppruna og íbúasamsetning geti skýrt mun á milli byggðarkjarnanna.

Loks voru íbúar spurðir hvort hvetja ætti fleira fólk til að kaupa sér orlofshús í byggðarlaginu. Niðurstöður þessarar könnunar benda til þess að afar takmarkaður áhugi sé á því að auka slíka hlutabúsetu í minni byggðarkjörnum landsins. Þannig eru aðeins 5% mjög sammála því og aðeins 8% til viðbótar frekar sammála. Áhugavert væri að skoða nánar hverjir það eru sem eru helst fylgjandi eða andvígir aukinni frístundabúsetu. Þar mætti til dæmis skoða muninn á þeim sem búa í eigin húsnæði og leiguhúsnæði, körlum og konum, yngri og eldri kynslóðum og þeim sem ólust upp á staðnum og þeim sem þar hafa búið um lengri eða skemmri tíma.

#### 4. Umræða

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna fram á mikinn hreyfanleika í smærri byggðarlögum á Íslandi. Aðeins 16% svarenda eru rótföst í þeim skilningi að hafa hvergi annars staðar búið um ævina og næstum helmingur íbúanna ólust að miklu eða öllu leyti upp utan byggðarlagsins. Um tvö af hverjum þremur hafa einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu og litlu færri hafa einhvern tímann búið annars staðar á Íslandi. Þá hefur tæpur þriðjungur svarenda einhvern tímann búið erlendis. Þessar niðurstöður kunna að vera í andstöðu við viðteknar hugmyndir en þær eru þó í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna í einstökum landsbyggðum<sup>21</sup>.

#### Bakgrunnur fólks

Hér ber þess að gæta að svarhlutfall fólks af erlendum uppruna er yfirleitt lægra í úrtakskönnunum en í þýðinu í heild og leiðir það óhjákvæmilega til skekkju í niðurstöðum. Í þessari könnun vorið 2019 var hlutfall fólks af erlendum uppruna 5% í úrtakinu en 14% meðal allra íbúa byggðarlaganna samkvæmt Hagstofu Íslands<sup>22</sup>. Ekki er hægt að ganga út frá því að þátttakendur af erlendum uppruna sem taka þátt í könnunum hafi sama bakgrunn og þeir sem taka ekki þátt og því er vandkvæðum bundið að leiðrétta þessa skekkju hvað búsetusögu varðar. Líkt og aðrar kannanir af þessu tagi vanmetur þessi könnun fjölda þeirra sem búið hafa erlendis vegna lægra svarhlutfalls fólks af erlendum uppruna.

Niðurstöður þessarar könnunar sýnir jafnframt að íbúar smærri byggðarlaga eru almennt mjög jákvæðir gagnvart aðflutningi fólks af íslenskum uppruna. Eins og við var að búast telur meirihluti íbúanna að hvetja ætti brottflutta íbúa til að snúa aftur heim til byggðarlagsins. Hins vegar vekur athygli að þátttakendur telja ekki síður mikilvægt að hvetja íslenskt aðkomufólk til að setjast að í byggðarkjarnanum, og er það hlutfall raunar ívið hærra en hlutfall þeirra sem vilja hvetja brottflutta til að snúa til baka. Ýmsar ástæður gætu verið fyrir þessu mynstri. Þannig gætu margir talið það tilgangslaust að hvetja fólk til að snúa til baka sem aflað hefur sér sérhæfðar menntunar, er í góðu starfi eða einfaldlega fest rætur annars staðar. Því gætu íbúar talið álíka vænlegt eða jafnvel ívið vænlegra að hvetja aðra Íslendinga til að flytja til byggðarkjarnans. Þá gætu þessar niðurstöður einnig verið vísbending um það að smærri samfélög séu jákvæðari fyrir því að nýtt fólk með nýjar hugmyndir setjist þar að en stundum er gert ráð fyrir í opinberri umræðu.

Jafnframt vekur athygli að mun færri íbúar telja að hvetja eigi fleira fólk af erlendum en íslenskum uppruna til að flytja til byggðarkjarnans. Aðeins rúmlega þriðjungur svarenda eru á þeirri skoðun, þar af 14% sem segjast vera mjög sammála því. Þessi skýri greinarmunur sem svarendur gera á því hvort aðfluttir eru af innlendum eða erlendum uppruna er athyglisverður og þarfnast nánari skýringa. Þótt þjóðerniskennd eða neikvæð viðhorf til útlendinga almennt kunni að hafa þar áhrif er einnig hugsanlegt að svarendur telji fólk af erlendum uppruna síður líklega til að taka þátt í samfélaginu eða til að setjast að til frambúðar. Jafnframt hefur verið sýnt fram á það að takmörkuð kunnáttu í erlendum tungumálum tengist neikvæðari afstöðu til innflytjenda á Íslandi<sup>23</sup>.

#### Hreyfanleiki fólks

Yfirgæfandi meirihluti íbúa þessara byggðarlaga eru ánægð með búsetuna samkvæmt þessum niðurstöðum. Um þrjú af hverjum fjórum íbúum segjast vera frekar eða mjög ánægð með búsetuna en aðeins einn af hverjum átta frekar eða mjög óánægð. Engu að síður sjá margir íbúar fyrir sér að verða áfram hreyfanlegir í framtíðinni. Þannig telur nærri fjórðungur svarenda frekar eða mjög líklegt að þau muni flytja á brott fyrir fullt og allt í framtíðinni og einn af hverjum sjö flytur líklega eða örugglega á brott á næstu 2–3 árum. Lítt munur er á búsetufyrirætlunum íbúa smærri byggðarkjarna eftir stærð þeirra eða þeim landshlutum þar sem þeir eru staðsettir, og er það í samræmi við niðurstöður rannsókna á búsetufyrirætlanir íbúa stærri og minni byggðarkjarna á Vesturlandi<sup>24</sup>.

Í þessari rannsókn er leitað skýringa á fyrirhuguðum búferlaf lutningum með tvennum hætti. Annars vegar eru búsetuáform skoðuð út frá margvíslegum þáttum. Þannig er hægt að leiða í ljós hvernig áform um að flytja á brott eða vera um kyrrt tengist kyni og aldri, menntun og stöðu á atvinnumarkaði, uppruna og búsetusögu, húsnæði og heimili, búsetu vina og ættingja, margvíslegum staðartengslum, búsetuánægju og mati svarenda á þróun byggðarkjarnans. Hins vegar eru íbúarnir spurðir um ástæður þess að þau ætli að flytja á brott eða vera um kyrrt, og þannig metið hvaða máli atvinnumál, þjónusta, tengsl við aðra og staðartengdir þættir hafa á búsetuákvæðanir í hugum fólks.

#### Kyn

Til lengri tíma litið eru konur frekar á faraldsfæti en karlar og í smærri byggðarlögum eru konur oft færri en karlar. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru í janúar 2019 þannig 92 konur á hverja 100 karla í þeim byggðarkjörnum sem hér eru til skoðunar, samanborið við 95 konur á hverja 100 karla á

21 Sjá t.d. Þóroddur Bjarnason, 2018.

22 Hagstofa Íslands, 2019b.

23 Þóroddur Bjarnason, 2018.

24 Vifill Karlsson, 2017b.

landsvísu<sup>25</sup>. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið ívið jafnara (97 konur á hverja 100 karla) en mun ójafnara í strjálbyli (88 konur á hverja 100 karla). Í fyrri rannsóknum hefur þessi kynjamunur að hluta til verið skýrður með tilvísun til lakari félagslegrar og efnahagslegrar stöðu kvenna en karla í dreifðari byggðum<sup>26</sup>.

Þótt niðurstöðurnar bendi til þess að konur séu ólíklegri til að afskrifa það alveg að flytja á brott framtíðinni er ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem telja það mjög líklegt. Á sama hátt er hverfandi kynjamunur á fyrirhuguðum búferlaflutningum á næstu 2–3 árum. Þessi litli munur á búferlafyrirætlunum karla og kvenna kemur nokkuð á óvart í ljósi umræðu um flóttu kvenna frá smærri byggðarlögum og hlutfalls kvenna meðal íbúa þessara byggðarkjarna.

Þessar niðurstöður eru hins vegar í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýna lítinn kynbundinn mun á búferlaflutningum frá smærri byggðarkjörnum<sup>27</sup>. Opinber gögn Hagstofu Íslands um búferlaflutninga veita aðeins upplýsingar um flutninga karla og kvenna milli sveitarfélaga og landshluta en ekki milli einstaka byggðarkjarna<sup>28</sup>. Sérvinnsla á slíkum gögnum væri nauðsynleg til að komast til botns í þessu en gögn um kynbundin flutningsmynstur milli sveitarfélaga gefa engu að síður ákveðna vísbendingu um málið. Í sveitarfélögum sem byggðarkjarnarnir í þessari könnun tilheyra voru árið 2018 brottfluttar konur til annarra landsvæða innanlands 102 á hverja 100 brottflutta karla, en aðfluttar voru 97 á hverja 100 karla. Flutningsjöfnuðurinn var því neikvæður um 5 konur á hverja 100 karla. Þessar niðurstöður benda til þess að ójafnt kynjahlutfall í smærri byggðarlögum stafi ekki síður af því að konur séu ólíklegri til að flytja til þeirra en því að þær séu líklegri til að flytja frá þeim. Það kann að hluta að skýra lítinn mun á búsetuáformum karla og kvenna í þessari könnun, en einnig kann að vera kynbundinn munur á því hvað karlar og konur telja vera “mjög líklegt” eða “öruggt” þegar kemur að búferlaflutningum.

### Aldur

Tengsl aldurs og búferlaflutninga er í góðu samræmi við aldursdreifingu íbúa þessara byggðarkjarna<sup>29</sup> og kenningar um aldurstengd áhrif tíma og áhættu á búferlaflutninga<sup>30</sup>. Eldra fólk hefur af augljósum ástæðum úr minni tíma að spila en yngra fólk og því ólíklegra að hagnaður þeirra af búferlaflutningum verði meiri en kostnaðurinn. Eldra fólk er jafnframt almennt áhættufælnara

en þau sem yngri eru. Hér á landi hefur verið sýnt fram á að hvorutveggja letur eldra fólk til þess að flytja í samanburði við þau sem yngri eru<sup>31</sup>. Meðal yngri hópanna eru jafnframt einstaklingar sem hyggjast fara tímabundið til náms eða starfa og snúa að því búnu aftur heim. Hins vegar er líklegast að elstu hóparnir ætli að flytja á brott fyrir fullt og allt, t.d. til þess að vera nær börnum og barnabörnum eða vegna þarfar á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.

Þar sem eldra fólk er ólíklegra til að flytja en þau sem yngri eru einkennast byggðarlög sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun því oft af hærri meðalaldri. Árið 2019 var meðalaldur íbúa þeirra byggðarkjarna sem könnunin náði þannig 38,9 ár, samanborið við 37,6 á landsvísu. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar ætlaði fimmtungur svarenda á aldrinum 18–25 ára örugglega að flytja á brott á næstu 2–3 árum og fimmtungur til viðbótar töldu það líklegt. Meðal þeirra sem eru yfir sjötugt sögðust hins vegar aðeins 1% örugglega munu flytja á brott á næstu árum og aðeins 3% til viðbótar töldu það líklegt. Minnkandi hreyfanleiki með aldri leiðir þannig til hærri meðalaldurs í byggðarlögum sem búa við neikvæðan flutningsjöfnuð en lækandi meðalaldurs í byggðarlögum þar sem flutningsjöfnuður er jákvæður.

### Menntun

Í samræmi við breytileg búsetuáform eftir aldri sýna þessar niðurstöður að námsmenn eru líklegastir til að ætla að flytja en fólk á eftirlaunum er ólíklegast til þess. Þá eru þau sem lokið hafa stúdentsprófi eða háskólaprófi heldur líklegri til að ætla að flytja á næstu 2–3 árum en þau sem hafa lokið grunnskóla eða iðmenntun. Jafnframt sýna niðurstöður könnunarinnar að meðal þeirra sem ætla að flytja á brott á næstu árum segja þriðjungur að tækifæri sín til menntunar skipti miklu máli og fimmtungur nefna tækifæri maka til menntunar. Athygli vekur að tækifæri barna til menntunar skiptir ekki síður máli í heildarmyndinni en 40% svarenda segja þau vera mikilvægan þátt í ákvörðun sinni. Í frekari úrvinnslu þarf að skoða þessar niðurstöður nánar eftir því hvort svarendur eigi börn eða maka, en ljóst má vera að menntasókn hefur áhrif á búferlaflutninga mun fleiri aðila en þess einstaklings sem ætlar að sækja sér menntun.

Þessar niðurstöður styðja hugmyndir um að skólakerfið mennti fólk að vissu marki í burtu frá dreifðari byggðum. Tækifæri til menntunar og atvinnutækifæri fyrir langskólagengið fólk eru vitaskuld

25 Hagstofa Íslands, 2019a.

26 Sjá t.d. Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005; Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2016; Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir, 2012; Vífill Karlsson, 2012.

27 Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dis Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir, 2013.

28 Hagstofa Íslands, 2019a.

29 Hagstofa Íslands, 2019a.

30 M.J. Greenwood, 1975; L.A. Sjaastad, 1962.

31 Vífill Karlsson, 2012.

fleiri og fjölbreyttari í meira þéttbýli, en jafnframt hafa verið færð rök fyrir því að háskólamenntun feli oft í sér ákveðna félagsmótun sem upphefji þéttbýli sem starfsvettvang og umgjörð daglegs lífs en geri lítið úr faglegum viðfangsefnum og lífsstíl dreifbýlis<sup>32</sup>. Þannig sé til dæmis oft lítið á það sem faglegan sigur að gegna mjög sérhæfðri stöðu hjá stærstu stofnun landsins á tilteknu sviði en faglegan ósigur að vera eini sérfræðingurinn á tilteknu sviði í dreifðari byggðum. Því mætti færa fyrir því rök að samhliða aukinni fjölbreytni starfa í minni byggðarlögum sé þörf á aukinni viðurkenningu skólakerfisins á því að slíkum störfum fylgi áhugaverðar áskoranir sem krefjast sérstakrar menntunar.

### Atvinna, þjónusta og afþreying

Í rannsókn sinni á orsökum búferlaflutninga á Íslandi árið 1997 komst Stefán Ólafsson að eftirfarandi niðurstöðu: “Atvinnuþróun skiptir miklu máli fyrir búsetuþróun, en mestur samhljómur er milli fjölsfjöldapróunar og mats íbúanna á gæðum þeirra þátta sem tengjast hinum nútímalegu lífsháttum í einstökum landshlutum, svo sem aðgengi að verslun og þjónustu, menningu og afþreyingu.”<sup>33</sup> Þessar niðurstöður benda vissulega til þess að verslun og þjónusta, menning og afþreying skipti miklu máli í hugum þeirra sem ætla að flytja úr minni byggðarlögum. Hins vegar virðast atvinnumál svarenda skipta mestu máli, og ýmsir aðrir þættir í lífi fólks skipta ekki síður máli en sókn eftir fjölbreyttari og betri þjónustu.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar eru atvinnutækifæri mikilvægasta einstaka ástæða þess að fólk segist ætla að flytja búferlum. Rúmur helmingur þeirra sem ætla að flytja á næstu 2–3 árum segja atvinnutækifæri sín skipta miklu máli og fimmtungur til viðbótar að þau skipti nokkru máli. Með svipuðum hætti segja rúmlega helmingur þeirra sem ætla að vera um kyrrt að atvinna þeirra skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu og 17% að hún skipti nokkru máli. Í þessu sambandi er áhugavert að þau sem eru með eigin atvinnurekstur talsvert líklegri til að ætla að vera um kyrrt en þau sem eru í vinnu hjá öðrum. Gera hefði mátt ráð fyrir því að þau sem væru með eigin atvinnurekstur hefðu meiri möguleika á því að færa starfsemi sína milli landshluta, en á sama tíma getur slíkur atvinnurekstur verið háður fjárfestingum á staðnum og svæðisbundnum markaði fyrir vörur og þjónustu.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar skiptir aðgengi að margvíslegri afþreyingu og þjónustu jafnframt verulegu máli fyrir ákvarðanir um búferlaflutninga. Af þeim sem ætluðu að flytja

á brott á næstu 2–3 árum sögðu tvö af hverjum fimm að betra aðgengi að menningu og afþreyingu skipti miklu máli í ákvörðun þeirra og litlu færri nefndu aðgengi að heilbrigðisþjónustu annars vegar og aðgengi að verslun og þjónustu hins vegar. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að hlúð verði að margvíslegri menningarstarfsemi í dreifðari byggðum og leitað leiða til að auka fjölbreytni afþreyingar. Mikilvægt er að skoða þetta mynstur nánar eftir margvíslegum bakgrunnspáttum en líklegt má t.d. teljast að fjölbreytt afþreying skipti yngra fólk meira máli en aðgengi að heilbrigðisþjónustu skipti meira máli fyrir þau sem eldri eru.

### Húsnæði

Eins og flestum er kunnugt er húsnæðisverð mun lægra í dreifðum byggðum en í mesta þéttbýlinu<sup>34</sup>. Í almennri umræðu er ýmist lítið á lágt húsnæðisverð sem íþyngjandi þátt sem haldi húseigendum í áttahagafjötrum eða búsetugæði sem geri fólki kleift að kaupa húsnæði af stærð og gæðum sem það gæti aldrei eignast í stærri byggðarlögum. Þess ber jafnframt að gæta að margt fólk tengist húsnæði sínu tilfinningaböndum og húsnæðið sem slíkt getur þannig verið mikilvægur þáttur staðartengsla.

Um helmingur svarenda segja að húsið þar sem þau búa skipti þau miklu máli og sá hópur er mun ólíklegri til að flytja á brott. Meðal þeirra sem segja húsið skipta sig miklu máli ætla rúmur helmingur að verða um kyrrt en innan við þriðjungur þeirra sem segja að húsið skipti þau engu máli. Þegar spurt er um helstu ástæður fyrir áframhaldandi búsetu segja jafnframt tveir af hverjum þremur að húsnæði sitt skipti miklu máli og fjórðungur til viðbótar að húsnæðið skipti nokkru máli. Loks sýna niðurstöðurnar að þau sem eiga húsnæði í byggðarlaginu eru mun ólíklegri til að hugsa sér til hreyfings en þau sem eru á leigumarkaði. Meðal þeirra sem búa í eigin húsnæði ætla þeir af hverjum fjórum að vera um kyrrt en tæplega einn af hverjum tíu ætla að flytja á næstu 2–3 árum. Meðal þeirra sem eru í leigunúsnæði ætla hins vegar aðeins helmingur að vera um kyrrt en tæpur fjórðungur líklega eða örugglega að flytja á brott á næstu árum. Sýnt hefur verið fram á að leigumarkaðurinn er sá búsetuþáttur sem veldur hvað mestri óánægju víða um land, en mikil óánægja er einnig með fasteignamarkaðinn. Athygli vekur að óánægja með leigumarkaðinn hefur mun meiri áhrif á fyrirætlanir um búferlaflutninga en óánægja með solumarkaðinn<sup>35</sup>.

Hér skiptir máli að mjög hefur færst í vöxt að íbúðarhúsnæði í smærri byggðarlögum sé nýtt sem frístundahúsnæði eða ferðaþjónustugisting í eigu fólks sem hefur ekki áhuga á því að selja það

32 Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2017; Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarsson, 2017.

33 Stefán Ólafsson, 1997, bls. 193.

34 Vífill Karlsson, 2012, 2017a; Þóroddur Bjarnason, 2019; Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir, 2017.

35 Vífill Karlsson og Þóroddur Bjarnason, 2019.

eða leigja á almennum markaði<sup>36</sup>. Í þessari könnun voru íbúar spurðir hvort hvetja ætti fleira fólk til að kaupa sér orlofshús í byggðarlaginu. Fjöldi frístundahúsa hefur aukist á síðustu áratugum, sérstaklega fjöldi íbúða og íbúðarhúsa í þéttbýliskjörnum víða um land sem breytt hefur verið í frístundahús<sup>37</sup>. Slíkt frístundahúsnæði hefur oft verið talið hafa margvísleg jákvæð áhrif í minni byggðarkjörnum sem búið hafa við hnignun um langt skeið. Þannig sé hægt að veita niðurníddum húsum nauðsynlegt viðhald, eigendur þeirra efla verslun og þjónustu í byggðarlaginu og standi jafnvel fyrir margvíslegri afþreyingu, menningarstarfsemi og stofni jafnvel til nýrrar atvinnustarfsemi. Á móti kemur að mikill fjöldi frístundahúsa er stundum talinn koma í veg fyrir að fólk sem vill flytja búferlum til staðarins fái húsnæði við hæfi og að hús sem standa mannláus langtímunum saman þynni byggðina og dragi úr henni þrótt<sup>38</sup>.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að afar takmarkaður áhugi er á því að auka slíka hlutabúsetu í minni byggðarkjörnum landsins. Þannig eru aðeins 5% mjög sammála því að hvetja ætti fleiri til að kaupa sér frístundahús í byggðarkjarnanum og aðeins 8% til viðbótar frekar sammála. Áhugavert væri að skoða nánar hverjir eru helst fylgjandi eða andvígir aukinni frístundabúsetu. Þar mætti til dæmis skoða muninn á þeim sem búa í eigin húsnæði og leiguhúsnæði, körlum og konum, yngri og eldri kynslóðum og þeim sem ólust upp á staðnum og þeim sem þar hafa búið um lengri eða skemmi tíma. Þá væri áhugavert að skoða þennan mun nánar eftir landshlutum og byggðapróun í einstökum byggðarkjörnum.

### Fjölskylda og vinir

Í samræmi við hátt hlutfall ungs fólks og námsmanna sem hugsa sér til hreyfings eru svarendur sem búa í foreldrahúsum mjög líkleg til að ætla að flytja á næstu 2–3 árum. Af öðrum svarendum eru þau sem búa með maka sínum eða uppkomnum börnum líklegust til að verða um kyrrt en þau sem búa ein eru ólíklegust til þess. Einstæðir foreldrar sem hafa börn alltaf eða stundum á heimilinu eru í meðallagi líkleg til að ætla að flytja á næstu árum. Þetta er í samræmi við niðurstöður fyrri rannsóknar utan höfuðborgarsvæðisins sem sýndi fram á minni lífsánægju einhleypra en þeirra sem voru í sambúð<sup>39</sup>.

Þessar niðurstöður endurspeglar vitaskuld áhrif fjölskyldutengsla á búsetuákvæðanir. Þau sem búa ein þurfa mun síður að taka slíkar ákvarðanir sameiginlega en þau sem búa með maka eða fullorðnum börnum. Börn undir 18 ára aldri verða formlega séð að fylgja foreldrum sínum en þeirra hagsmunir, vinatengsl og vilji ættu að vera meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á ákvarðanir foreldra. Tiltölulega fátítt er að fólk eigi hvorki fjölskyldu né vini í byggðarkjarnanum, en það er enn fátíðara

að öll fjölskyldan og allir vinirnir búi á staðnum. Aðeins rúmur þriðjungur þeirra sem eiga enga nána fjölskyldu í byggðarkjarnanum ætla örugglega að búa þar áfram en meira en helmingur þeirra sem segja að flestir eða allir í þeirra nánustu fjölskyldu búi þar. Tengslin eru enn sterkar hvað vini varðar en aðeins fjórðungur þeirra sem eiga enga nána vini í byggðarkjarnanum ætla að búa þar áfram en nærri tveir af hverjum þremur þeirra sem segja að allir bestu vinir þeirra búi í byggðarkjarnanum. Svipað mynstur kemur fram þegar spurt er um ástæður þess að svarendur ætli að flytja á brott eða vera um kyrrt. Tæpur þriðjungur þeirra sem ætla að flytja á næstu 2–3 árum segja að þar skipti miklu máli að flytja nær ættingjum eða vinum. Rúmlega fjórðungur nefnir þar börn sín sérstaklega en tæpur fjórðungur foreldra sína eða tengdaforeldra. Jafnframt segja 16% að nálægð við barnabörnin skipti miklu máli. Meðal þeirra sem ætla að vera um kyrrt segja þrjú af fimm að nálægð við börnin sín skipti miklu máli í því sambandi og tveir af fimm að nálægð við foreldra eða tengdaforeldra skipti miklu máli. Þá nefnir þriðjungur svarenda annað hvort nálægð við barnabörnin eða aðra aðila. Hér skiptir augljóslega öllu máli hvort fólk eigi uppkomin börn, barnabörn eða foreldra á lífi og því má gera má ráð fyrir ólíkum niðurstöðum þegar gögnin verða greind fyrir ólíka aldurshópa.

### Óþægileg félagsleg tengsl

Í rannsóknum á orsökum byggðafestu og búferlaflutninga er yfirleitt lögð áhersla á félagsleg tengsl sem togkrafta sem togi fólk í átt að vinum og fjölskyldu í heimabyggð eða á fjarlægum slóðum. Sjaldgæft er að lítið sé til óþægilegra félagslegra tengsla sem ýtikrafta þar sem fólk flytur til að losna úr félagslegum aðstæðum heimabyggðarinnar. Í þessari rannsókn eru áhrif óþægilegra félagslegra tengsla á búferlaflutninga skoðuð sérstaklega.

Óþægileg félagsleg tengsl hafa talsverða sérstöðu meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á búsetuákvæðanir. Margir slíkir áhrifaþættir eru þess eðlis að lítil samfélög geta lítil sem engin áhrif haft á þá, og má þar sérstaklega nefna fjölbreyttara framboð af atvinnu, þjónustu og afþreyingu í stærsta þéttbýlinu og áhrif félagslegra tengsla við fólk sem býr annars staðar. Lítil samfélög geta hins vegar haft veruleg áhrif á þætti á borð við það hvernig aðfluttir upplifa samfélagið og hvort þau festi þar rætur, hvort ungt fólk upplifi miklar hömlur á frelsi sitt til að prófa sig áfram í lífinu og hvort konur upplifi félagslega stöðu sína lakari en í meira þéttbýli.

Í annarri úrvinnslu þessara gagna hefur komið fram að þau sem upplifa mikið slúður um sína persónulegu hagi eru mun líklegri en aðrir til að ætla að flytja á brott og á það við um bæði karla og konur<sup>40</sup>. Í þessari úrvinnslu kom jafnframt fram að um fimmtungur þeirra sem ætla að flytja á brott

36 Vifill Karlsson, 2017a.

37 Edward H. Hujibens, 2010, 2012.

38 Vifill Karlsson, 2017a.

39 Vifill Karlsson, 2019.

40 Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2019.

nefna umtal eða slúður sem mikilvæga ástæðu fyrir þeim fyrirætlunum. Þá segja 12% að gamaldags kynjaviðhorf í byggðarlaginu séu mikilvæg ástæða þess að þau ætli að flytja á brott.

Jafnframt segja 15% svarenda það vera mikilvæga ástæðu brottflutnings að losna við að umgangast tiltekna einstaklinga. Ekki kemur fram hvers vegna fólk vilji forðast samskipti við tiltekna einstaklinga en gera má ráð fyrir því að hópur slíkra einstaklinga geti verið fjölbreyttur; fyrrverandi makar, fólk sem hefur beitt hefur viðkomandi ofbeldi eða áreiti, fólk sem viðkomandi hefur átt í útistöðum við af ýmsum ástæðum, eða hreinlega einstaklingar sem svarendum líkar ekki við.

Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að lítil byggðarlög geti haft áhrif á byggðafestu sína með því að vinna gegn því að fólk velti sér upp úr sögusögnum um náungann, auka jafnrétti kynjanna, leysa úr ágreiningsmálum með markvissum hætti og styðja við þau sem orðið hafa fyrir ofbeldi og áreiti. Ekki eru þekkt dæmi um að slíkum aðferðum hafi verið beitt í þágu byggðapróunar sérstaklega en áhugavert væri að skipuleggja tilraunaverkefni af því tagi.

### Staðartengsl

Til viðbótar við félagsleg tengsl við tiltekna einstaklinga upplifa margir sterk tilfinningaleg tengsl við tiltekna staði sem slíka. Sterk staðartengsl geta dregið mjög úr vilja fólks til að flytja á brott og aukið líkurnar á því að brottfluttir snúi heim<sup>41</sup>. Jafnframt eru mörg dæmi þess að fólk flytji til fámennra byggðarlaga vegna þess að það „féll fyrir staðnum“, án þess að þekkja þar nokkurn íbúa persónulega.

Misjafnt getur verið í hverju slík staðartengsl felast, en í þessari rannsókn var lítið sérstaklega til samfélagsins í heild, staðarins sem slíks og náttúrunnar á staðnum auk hússins þar sem fólk býr. Allir þessir þættir reyndust hafa sterk áhrif á búsetufyrirætlanir og jafnframt reyndust þeir hafa samlegðaráhrif þannig að sterk tengsl við fleiri þætti höfðu meiri áhrif. Meðal þeirra sem höfðu ekki sterk tengsl við neinn þessara þátta ætluðu 10% örugglega að flytja á brott en 28% örugglega að vera um kyrrt. Meðal þeirra sem höfðu sterk tengsl við alla fjóra þættina ætluðu hins vegar 59% að vera um kyrrt en aðeins 3% örugglega að flytja á brott án næstu 2–3 árum.

Fyrri rannsókn á búferlaflutningum hafa sýnt að mikilvægi náttúrunnar eykst þegar fjær dregur höfuðborgarsvæðinu<sup>42</sup>. Í eiginlegri rannsókn á staðartengslum Vestfirðinga kom fram að heimafólk var líklegra til að tengja sig við náttúruna á meðan þau sem voru aðflutt voru líklegri til að tengja

sig við samfélagið<sup>43</sup>. Niðurstöður þessarar könnunar benda hins vegar til þess að staðartengsl heimafólks séu sterkari en aðfluttra á flestum þeim þáttum sem spurt var um. Eina undantekningin var húsið þar sem fólk bjó en rétt um helmingur svarenda sögðu það skipta sig miklu máli persónulega, óháð því að hversu miklu leyti svarendur höfðu alist upp í byggðarkjarnanum.

Í þessari könnun var jafnframt lítið til þeirra jákvæðu þátta sem margir telja að dreifbýlið hafi fram yfir þéttbýlið stundum hefur verið nefnt „sveitasæla“ (e. rural idyll)<sup>44</sup>. Í könnuninni kom fram að mikill meirihluti þeirra sem ætluðu ekki að flytja á næstu árum töldu hreint loft, kyrrð og ró, litla hættu á afbrotum og litla umferð skipta miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu sína í byggðarkjarnanum. Athygli vekur að talsvert fleiri þátttakendur töldu þessa þætti mikilvægari en atvinnu sína eða maka, húsnæðismál eða nálægð við foreldra, börn eða barnabörn. Þótt stundum sé talað um „sveitasæluna“ sem hálfgerða mýtu er því ljóst að þessir þættir skipta verulegu máli fyrir byggðafestu í litlum byggðarkjörnum á Íslandi.

### Stóra myndin

Að lokum er áhugavert að sjá að heildarmat fólks á þróun byggðarlagsins tengist búsetuáformum þess með afgerandi hætti. Meðal þeirra sem telja að lífskjör í byggðarkjarnanum hafi versnað mikið á undanförunum árum ætla einn af hverjum fimm að flytja á brott en aðeins þrír af hverjum hundrað meðal þeirra sem telja lífskjörin hafa batnað mikið. Tengslin við fjórir þætti framtíð eru enn sterkari en rúmlega þriðjungur þeirra sem telja að lífskjörin muni versna mikið á næstu árum ætla að flytja á brott, aftur samanborið við þrjá af hverjum hundrað þeirra sem telja að þau muni batna mikið.

Í þessari rannsókn er mögulegt að tengja svör þátttakenda við einstaka byggðarkjarna þótt ekki sé hægt að rekja þau til tiltekinn einstaklinga. Áhugavert væri að skoða mat íbúanna á þróun byggðarlagsins í samhengi við opinber gögn um þætti á borð við breytingar á samgöngum, atvinnuháttum, hlutfalli ungs fólks og mannfjöldapróun svo eitthvað sé nefnt. Þannig er mögulegt að viðhorf fólks endurspegli einfaldlega raunverulega þróun byggðarlagana, en einnig má vera að huglægt mat einstaklinga á þróun og framtíðarmöguleikum samfélagsins gegni sjálfstæðu hlutverki í byggðapróun.

41 Albertína F. Elíasdóttir, 2012.

42 Vífill Karlsson, 2019.

43 Albertína F. Elíasdóttir, 2012.

44 Þóroddur Bjarnason, 2019.

## 5. Heimildir

- Albertína F. Elíasdóttir. 2012. *Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig: Staðartengsl og staðarsjálfsmynd í samhengi við búsetuval*. MA-ritgerð við Líf- og umhverfissvísindadeild Háskóla Íslands.
- Byggðastofnun. 2019. *Rannsóknin Byggðafesta og búferlaflutningar*. <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/buferlaflutningar-a-landi>
- Edward H. Huijbens. 2012. Sustaining a village's social fabric? *Sociologica Ruralis*, 52, 332–352.
- Edward H. Huijbens. 2010. Viðhald samfélags? Hlutverk fristundahúsaeygenda í samfélögum á jaðarsvæðum. Kaffi í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Greenwood, M. J. 1975. Research on internal migration in the United States: A survey. *Journal of Economic Literature*, 13(2), 397–433.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir. 2019. Gendered migration in rural areas and small towns of Iceland. Kynnt á ráðstefnunni XXVIII European Society for Rural Sociology Congress, "Rural futures in a complex world". Þrándheimi, 25 – 28 júní 2019.
- Hafís Anna Bragadóttir, Helga Karlsdóttir, Sigríður Diljá Magnúsdóttir og Sindri Sigurgeirsson. 2007. *Könnun á búferlaflutningum kvenna á milli höfuðborgarsvæðisins og jaðarsvæða þess*. Háskólinn á Bifröst. [http://ssv.is/Files/Skra\\_0069070.pdf](http://ssv.is/Files/Skra_0069070.pdf)
- Hagstofa Íslands. 2019a. *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>
- Hagstofa Íslands. 2019b. *Bakgrunnur íbúa*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>
- Hagstofa Íslands. 2019c. *Búferlaflutningar innanlands*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/buferlaflutningar/innanlands>
- Hjalti Jóhannesson og Tryggvi Guðjón Ingason. 2007. *Úrtakskönnun meðal almennings vorið 2007*. Akureyri: RHA.
- Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson. 2005. Könsmyndir í flyttingar frá landsbyggen þá Ísland, 2005. Bls. 142–168 í A.K. Berglund, S. Johansson og I. Molina (ritstj.), *Med periferien i sentrum – en studie av lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Norut NIBR, Finnmark.
- Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson. 2010. Félagslegur auður Fjallabyggða. Kaffi í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Magnfríður Júlíusdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Karlsdóttir. 2013. Gendered migration in turbulent times in Iceland. *Norsk Geografisk Tidsskrift–Norwegian Journal of Geography*, 67(5), 266–275.
- Sigrún Þorsteinsdóttir. 2016. *Norðfjarðargöng: Rannsókn á væntingum íbúa í Neskaupstað til samfélagslegra áhrifa Norðfjarðarganga*. BA-ritgerð í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri.
- Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. 2016. Atvinna og atvinnustefna hins opinbera í dreifbýli: Reynsla kvenna og karla á sunnanverðum Vestfjörðum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7(1), 23–44.
- Sjaastad, L. A. 1962. The costs and returns of human migration. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 80–93.
- Stefán Ólafsson. 1997. *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Byggðastofnun. Bls. 193.
- Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir. 2017. The effects of regional and distance education on the supply of qualified teachers in rural Iceland. *Sociologia Ruralis*, 58, 786–804.
- Þóroddur Bjarnason og Ingi R. Eðvarðsson. 2017. University pathways of urban and rural migration in Iceland. *Journal of Rural Studies*, 54, 244–254.
- Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir. 2018. Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 15(2), 97–114.
- Þóroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir. 2016. Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25, 265–287.
- Þóroddur Bjarnason. 2018. Innfæddir og aðfluttir andskotar: Áhrif uppruna og staðarsamsemdar á búsetuánægju á Norðurlandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 9, 22–44.
- Þóroddur Bjarnason. 2019. *Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp á Íslandi, framkvæmdaskýrsla*. Byggðastofnun. <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/buferlaflutningar-a-landi>
- Þóroddur Bjarnason. 2019. Íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði. *Íslenska þjóðfélagið*, í prentun.
- Tinna K. Halldórsdóttir og Guðbjörg L. Rafnsdóttir. (2012). Er álið málið? Samfélagsbreytingar og atvinnuönguleikar kvenna á Austurlandi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8, 451–468.
- Vífill Karlsson og Þóroddur Bjarnason, 2019. *The darkest hour is just before the dawn. What are residential preferences of new rural in-migrants in Iceland and does it differ from the traditional farmer?* Handrit í vinnslu.
- Vífill Karlsson. 2012. *Transportation improvement and interregional migration*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands.
- Vífill Karlsson. 2017a. *Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum: Önnur heimili og vinnumarkaður á landsbyggðunum*. <http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/08/Fjarb%C3%BAar-og-fasteignamarka%C3%B0ur-%C3%A1-landsbygg%C3%B0unum-2.pdf>
- Vífill Karlsson. 2017b. *Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða*. Skýrsla SSV, 2, 1–67.
- Vífill Karlsson. 2019. *Hagvísar, velferð og hamingja til sjávar og sveita: Hvaða þættir eru ráðandi í hamingju fólks utan höfuðborgarsvæðisins?* Í vinnslu.







## Byggðafesta og búferlaflutningar:

Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019



BYGGÐASTOFNUN